

MAT Á FRAMKVÆMD AFLAMARKS BYGGÐASTOFNUNAR

Vífill Karlsson

Janúar 2015

EFNISYFIRLIT

Myndir	3
Töflur.....	4
1 Formáli.....	5
2 Inngangur	6
3 Viðfangsefnið, markmið þess og árangursmat.....	7
3.1 Markhópur.....	7
3.2 Þátttakendur.....	8
3.3 Verkefnið og markmið þess.....	9
3.4 Fyrirhugað árangursmat.....	10
4 Aðrar færar leiðir að sama markmiði	11
5 Áhættumat.....	15
5.1 Atvik sem fela í sér áhættuþætti.....	15
5.2 Áhættumat.....	16
5.3 Lekaáhrif og samantekt á áhættumati	18
5.4 Niðurstöður áhættumats	19
6 Önnur sambærileg verkefni og lærdómur af þeim	21
6.1 Fyrri Byggðakvótakerfið.....	21
6.2 Önnur verkefni.....	22
6.3 Reynslan og lærdómur af verkefnunum.....	23
7 Væntur virðisauki verkefnisins	26
8 Aðferðir við árangursmat.....	28
8.1 Verkefni komið skammt á veg	28
8.2 Verkefni komið langt á veg	28
8.3 Lýsandi greining.....	28
8.4 Upplýsingar frá þátttakendum	30
8.5 Aðhvarfsgreining	30
8.6 Skoðanakönnun.....	30
8.7 Rýnihópar	31
8.8 Viðtöl.....	31
9 Árangursmat eftir fyrsta ár verkefnisins	32
9.1 Lýsandi greining.....	32
9.1.1 Mannfjöldi	33

9.1.2	Atvinnuleysi.....	33
9.1.3	Útsvar	34
9.1.4	Afli eftir löndunarhöfnum	34
9.1.5	Niðurstaða.....	35
9.2	Skoðanakönnun.....	35
9.3	Viðtöl við bæjarstjóra.....	42
9.3.1	Atvinnustig.....	42
9.3.2	Byggingarlóðir.....	43
9.3.3	Fjárfestingar í byggðarlaginu	43
9.3.4	Rekstur sveitarfélagsins	44
9.3.5	Kynning á Aflamarki Byggðastofnunar	44
9.3.6	Bjartsýni.....	44
9.3.7	Aflamark Byggðastofnunar eða Fyrri Byggðakvótakerfið.....	45
9.4	Viðtöl og greining samningsaðila.....	45
9.5	Niðurstöður.....	46
10	Umsögn verkefnisins og Úrbætur	48
10.1	Umsögn og einkunn	48
10.2	Úrbætur	48
11	Niðurstöður og samantekt.....	50
12	Viðauki	51
12.1	Líkindareikningur.....	51
12.2	Tölfræðikeyrslur	52
13	Heimildaskrá	65

MYNDIR

MYND 1: ÁHÆTTUTRÉ AB.	19
MYND 2: ÞRÓUN BYGGÐAKVÓTA FRÁ 2003-2012.	21
MYND 3: BREYTING Á LÖNDUÐUM AFLA OG BYGGÐAKVÓTA 2005-2012.....	23
MYND 4: BREYTING Á LANDVINNSLUMAGNI OG BYGGÐAKVÓTA 2005-2012.....	24
MYND 5: BREYTING Á AFLA FISKISKIPA OG BYGGÐAKVÓTA 2005-2012.....	24
MYND 6: BREYTING Á MANNFJÖLDA MILLI ÁRANNA 2013 OG 2014.....	33
MYND 7: BREYTING Á ATVINNULEYSI Á MILLI ÁRANNA 2013 OG 2014.....	33
MYND 8: BREYTING Á GREIDDRI STAÐGREIÐSLU MILLI ÁRANNA 2013 OG 2014.....	34
MYND 9: HLUTFALLSLEG BREYTING AFLA EFTIR LÖNDUNARHÖFNUM MILLI ÁRANNA 2013 OG 2014.....	34
MYND 10: ÁTTU FASTEIGN ÞAR SEM ÞÚ BÝRÐ?.....	36
MYND 11: MÁLAÐIR ÞÚ HÚSIÐ AÐ UTAN Í SUMAR EÐA FÓRST Í VIÐHALD EÐA VIÐBÆTUR Á ÞVÍ AÐ ÖÐRU LEYTI?.....	37
MYND 12: MÁLAÐIR ÞÚ HÚSIÐ AÐ UTAN Í SUMAR EÐA FÓRST Í VIÐHALD EÐA VIÐBÆTUR Á ÞVÍ AÐ ÖÐRU LEYTI BROTIÐ UPP EFTIR BYGGÐARLÖGUM?	37
MYND 13: LANGAR ÞIG AÐ KAUPA ÞÉR FASTEIGN EÐA BYGGJA NÝJA ÞAR SEM ÞÚ BÝRÐ?	38
MYND 14: AFSTAÐA GAGNVART ÝMSUM ÞÁTTUM Í BYGGÐARLAGINU Í SKOÐANAKÖNNUN.....	39
MYND 15: AFSTAÐA GAGNVART ÝMSUM ÞÁTTUM Í BYGGÐARLAGINU Í SKOÐANAKÖNNUN – ÁN TÁLKNAFJARÐAR OG FLATEYRAR.....	40
MYND 16: VISSIR ÞÚ AÐ AÐILAR Í BYGGÐARLAGI ÞÍNU FENGU BYGGÐAKVÓTA HJÁ BYGGÐASTOFNUN FYRIR TÆPU ÁRI SÍÐAN?	40
MYND 17: AFSTAÐA GAGNVART AB Í SKOÐANAKÖNNUN.....	41
MYND 18: AFSTAÐA GAGNVART AB Í SKOÐANAKÖNNUN – ÁN FLATEYRAR.....	42
MYND 19: FJÖLGUN STARFA OG STÆRÐ AB-SAMNINGA.....	46
MYND 20: TÖLFRÆÐIKEYRSLA VINNSLUMAGNS OG BYGGÐAKVÓTA FYRIR MARKHÓPINN ÁRIN 2003-2012.....	53
MYND 21: TÖLFRÆÐIKEYRSLA LANDAÐS AFLA OG BYGGÐAKVÓTA FYRIR MARKHÓPINN ÁRIN 2003-2012.....	54
MYND 22: TÖLFRÆÐIKEYRSLA AFLA SKIPA OG BYGGÐAKVÓTA FYRIR MARKHÓPINN ÁRIN 2003-2012.....	55
MYND 23: TÖLFRÆÐIKEYRSLA HEILDARKVÓTA OG BYGGÐAKVÓTA FYRIR MARKHÓPINN ÁRIN 2005-2012.....	56
MYND 24: TÖLFRÆÐIKEYRSLA VINNSLUMAGNS OG AFLI SKIPA FYRIR MARKHÓPINN ÁRIN 2005-2012.....	57
MYND 25: TÖLFRÆÐIKEYRSLA VINNSLUMAGNS OG AFLI SKIPA FYRIR MARKHÓPINN ÁRIN 2005-2012 (IHS-LÍKAN).....	58
MYND 26: TÖLFRÆÐIKEYRSLA SÓLU- OG LEIGUHLUTFALLS AFLAHEIMILDA Á SVEITARFÉLÖGUM MARKHÓPSINS ÁRIN 2003- 2012.....	59
MYND 27: TÖLFRÆÐIKEYRSLA ÁRSVERKA Í FRUMVINNSLUGREINUM OG LANDVINNSLUMAGNS ÁRIN 1992-2006.....	61
MYND 28: TÖLFRÆÐIKEYRSLA ÁRSVERKA Í FRUMVINNSLUGREINUM OG BOLFISK OG FLATFISKKVÓTA ÁRIN 1992-2006.....	63
MYND 29: TÖLFRÆÐIKEYRSLA ATVINNUMARGFALDARANS Á SVEITARFÉLÖGUM MARKHÓPSINS ÁRIN 1981-2005.....	64

TÖFLUR

TAFLA 1: SVEITARFÉLÖG OG BYGGÐARLÖG MARKHÓPS BYGGÐASTOFNUNAR.....	8
TAFLA 2: BÚSETA ÞÁTTTAKENDA Í AFLAMARKI BYGGÐASTOFNUNAR OG STÆRÐ SAMNINGA.....	8
TAFLA 3: ÍBÚAFJÓLDI AFLAMARKSBYGGÐA OG HLUTFALLSLEG STÆRÐ SAMNINGA.....	9
TAFLA 4: ÍBÚAFJÓLDI AFLAMARKSSVEITARFÉLAGA OG HLUTFALLSLEGT VÆGI BYGGÐANNA Í ÞEIM.....	9
TAFLA 5: KOSTAGREINING MÖGULEGRA VERKEFNA.....	12
TAFLA 6: YFIRLIT YFIR ÁHÆTTUMAT AFLAMARKS BYGGÐASTOFNUNAR.....	19
TAFLA 7: SAMANTEKT Á ÁLITI SAMNINGSÆDILANNA Á AB.....	45
TAFLA 8: SVEITARFÉLÖG OG BYGGÐARLÖG MARKHÓPS BYGGÐASTOFNUNAR ÁRIÐ 2006.....	62

1 FORMÁLI

Byggðapróun á Íslandi hefur verið áhyggjuefni margra þar sem fólk hefur gjarnan flust úr sveitum í þéttbýli og af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Ef þetta væri aðeins áhyggjuefni einstakra manna og ylli ekki raunverulegu tjóni væri auðvelt að skella skollaeyrum við en svo er ekki. Margt bendir til að þróunin stuðli að þjóðhagslegu óhagræði þar sem mikilvægustu útflutningsgreinar landsins – sjávarútvegur, ferðaþjónusta og orkufrekur iðnaður – byggja á auðlindum þjóðarinnar sem er að finna víða um landið og miðin og því hagkvæmt að vinna þær dreift og þjónusta. Ennfremur er landbúnaður mikilvæg atvinnugrein er varðar matvælaöryggi landsmanna og kann að eiga þó nokkur sóknarfæri í náninni framtíð. Af þessum sökum hefur ýmsum ráðum verið beitt til að sporna gegn hnignun einstakra landsvæða og byggðarlaga.

Verkefnið Aflamark Byggðastofnunar (AB) er dæmi um úrræði af þessu tagi og verður til skoðunar í þessari skýrslu. Verkefnið gengur út á að úthluta fiskveiðikvóta til útgerða í byggðarlögum sem hafa átt verulega undir högg að sækja, geta ekki með góðu móti sótt fram á öðrum sviðum og eru fjarri öflugum vinnumarkaðssvæðum. AB var formlega hleypt af stokkunum í desember 2013 með undirritun fyrsta samningsins. Skýrslu þessari er ætlað að varpa ljósi á framvindu verkefnisins og að geta bent skjótt á úrbætur ef einhverjar eru.

2 INNGANGUR

Stjórnvöld hafa úthlutað byggðakvóta í einhverri mynd síðan 1995 þegar Byggðastofnun fékk 500 lestir til úthlutunar á fiskveiðiarinu 1995/1996. Síðar hóf Fiskistofa að úthluta byggðakvótanum. Byggðakvóta, sem kallaður er Aflamark Byggðastofnunar (AB), hefur verið úthlutað síðan 2013. Tvö kerfi eru því fyrir hendi í dag. Í öðru þeirra er 7.000 tonnum úthlutað af Fiskistofu og kallað Fyrri Byggðakvótakerfið (FB) í þessari skýrslu. Í hinu – Aflamarki Byggðastofnunar (AB) – úthlutar Byggðastofnun 1.800 tonnum á hverju ári. Þessi skýrsla fjallar um AB sérstaklega. Með AB er nýrri aðferð beitt og því áhugavert að fylgjast vel með hvernig reynslan er af henni fyrst á eftir.

Eftirfarandi bráðabirgðaákvæði við lögum um stjórn fiskveiða í lok júní 2013 var samþykkt af Alþingi í þeim tilgangi að stofna AB:

„Á fiskveiðiarunum 2013/2014 til og með 2017/2018 hefur Byggðastofnun til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 1.800 þorskígildislestum til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Hafa skal samráð við viðkomandi sveitarstjórnir við ráðstöfunina. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít og ufsa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við þorskígildi og skulu þær dregnar frá með sama hætti og greinir í 3.mgr. 8.gr. laganna sbr. 5.mgr. sömu greinar. Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Byggðastofnunar að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.“

Samkvæmt orðanna hljóðan má ljóst vera að meginmarkmið kerfisins – og í raun FB líka – er að slá á neikvæða byggðaðróun sumra byggðarlaga sem er talinn einn versti fylgikvilli kvótakerfisins. Fyrsti samningur AB var undirritaður í desember 2013.

Í skýrslunni verður farið í frummat verkefnisins þar sem fyrirmynd verður sótt til Evrópusambandsins (2001) og gerð tilraun til að benda á áhættuþætti verkefnisins, fjalla um mögulegar matsaðferðir á því og koma með tillögum til úrbóta ef einhverjar eru ásamt ýmsu öðru þessu tengt.

Þá verður einnig gerð tilraun til að varpa ljósi á hver árangur þess er á fyrsta ári. Í þeirri viðleitni verður leitast eftir að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hafa væntingar heimamanna um framtíð byggðarlagsins tekið breytingum á tímabilinu?
2. Hefur vinnslumagn landvinnslunnar breyst á tímabilinu og hversu mikið?
3. Hefur landaður afli tekið breytingum á tímabilinu á viðkomandi höfn?
4. Hefur ársverkum fjölgað eða fækkað á tímabilinu?
5. Hefur kvótæign heimamanna tekið breytingum á tímabilinu?
6. Hver er reynsla þeirra sem starfa í sjávarútvegi á viðkomandi svæðum af samningunum?

Með þessu verður reynt að varpa ljósi á fyrstu áhrif Aflamarks Byggðastofnunar á þau byggðarlög sem áttu beina aðild að samningum um það. Það eru Drangnes, Flateyri, Raufarhöfn, Suðureyri og Tálknafjörður.

3 VIÐFANGSEFNIÐ, MARKMIÐ ÞESS OG ÁRANGURSMAT

Áður en ráðist var í AB skilgreindi starfsfólk Byggðastofnunar markmið og viðmið sem horft var til þegar umsóknir voru metnar. Byggt var á fyrrnefndu bráðabirgðarákvæði við lög um stjórn fiskveiða. Niðurstaða byggðastofnunar var eftirfarandi og er textinn tekinn orðréttur upp úr vinnuþlaggi Byggðastofnunar (2013):

„Meginmarkmið verkefnisins er að auka byggðafestu í þeim sjávarbyggðum sem:

- *standa frammi fyrir alvarlegum og bráðum vanda vegna skorts á aflaheimildum eða óstöðugleika í sjávarútvegi,*
- *eru háðastar sjávarútvegi og eiga minnsta möguleika á annarri atvinnuuppbyggingu,*
- *eru fámennar, fjarri stærri byggðakjörnum og utan fjölbreyttra vinnusóknarsvæða.*

Í því skyni er stefnt að uppbyggingu í sjávarútvegi sem:

- *skapar eða viðheldur sem flestum heilsársstörfum fyrir bæði konur og karla við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi í viðkomandi sjávarbyggðum,*
- *stuðlar að sem öflugastri starfsemi í sjávarútvegi til lengri tíma og dregur sem mest úr óvissu um framtíð sjávarbyggðanna.*

Byggðastofnun vinnur nú að nánari útfærslu og smíði reglna um úthlutun þessa byggðakvóta. Til athugunar er að við val á sjávarbyggðum sem til greina koma verði byggt á eftirfarandi þáttum:

- *íbúar sjávarbyggðarinnar séu 400 eða færri*
- *íbúum hafi fækkað um a.m.k. 10% sl. 10 ár*
- *akstursfjarlægð frá byggðakjarna sem telur meira en 1.000 íbúa sé a.m.k. 20 km.*
- *sjávarbyggðin tilheyri vinnusóknarsvæði sem telur færri en 10 þúsund íbúa.*
- *hlutfall starfa við veiðar og vinnslu í sjávarbyggðinni sé a.m.k. 20% allra starfa“*

Af þessu má ráða að ákveðið var skilgreina markhóp fyrir verkefnið. Samkvæmt skilyrðunum yrðu aldrei mörg sveitarfélög í markhópnum þar sem ákveðið var m.a. að einskorða sig við sjávarbyggðir í alvarlegum og bráðum vanda sem hefðu nánast engan möguleika á annarri atvinnuuppbyggingu og væru fjarri byggðakjörnum.

3.1 MARKHÓPUR

Á grundvelli þessarar vinnu og eftir umfjöllun stjórnar Byggðastofnunar voru 17 staðir taldir eiga erindi í AB. Það voru Tálknafjörður, Bíldudalur, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Súðavík, Dranganes, Hofsó, Grímsey, Hrísey, Kópasker, Raufarhöfn, Bakkafjörður, Borgarfjörður eystri, Stöðvarfjörður, Breiðdalsvík og Djúpvogur.

Öll byggðarlög markhópsins þarfnast byggðafestu eins og sjá má á greiningu Byggðastofnunar (Byggðastofnun, 2013) – en þar hefur íbúum fækkað um a.m.k. 10% sl. 10 ár og gott betur víðast hvar. Með aukinni byggðafestu ætti að draga úr þessari fækkun og jafnvel geta orðið fjölgun ef vel tekst til.

Byggðarlög markhópsins tilheyra hinsvegar 13 sveitarfélögum (Tafla 1).

Tafla 1: Sveitarfélög og byggðarlög markhóps Byggðastofnunar.

Sveitarfélag	Byggðarlag
Akureyri	Hrísey Grímsey
Borgarfjarðarhreppur	Borgarfjörður eystri
Breiðdalshreppur	Breiðdalsvík
Djúpavogshreppur	Djúpivogur
Fjarðabyggð	Stöðvarfjörður
Ísafjarðarbær	Flateyri Suðureyri Þingeyri
Kaldrananeshreppur	Drangnes
Langanesbyggð	Bakkafjörður
Norðurþing	Kópasker Raufarhöfn
Súðavíkurhreppur	Súðavík
Sveitarfélagið Skagafjörður	Hofsós
Tálknafjarðarhreppur	Tálknafjörður
Vesturbyggð	Bíldudalur

3.2 ÞÁTTTAKENDUR

Eftir að auglýst hafði verið eftir þátttakendum í verkefnið voru gerðir sex samningar um Aflamark Byggðastofnunar seint á árinu 2013 og 2014 og eru samningsaðilarnir búsettir á Bakkafirði, Drangnesi, Flateyri, Raufarhöfn, Suðureyri og Tálknafirði (Tafla 2).

Tafla 2: Búseta þátttakenda í Aflamarki Byggðastofnunar og stærð samninga.

Heimild: Byggðastofnun.

Byggðarlög	Dagsetning samnings	Fjöldi aðildarfyrirtækja	Framlag Byggðastofnunar tonn	Mótframlag tonn	Alls
Bakkafjörður	26. maí 2014	4	150	450	600
Drangnes	28. janúar 2014	7	150	150	300
Flateyri	janúar 2014	5	300	1.800	2.100
Raufarhöfn	11. desember 2013	8	400	1.200	1.600
Suðureyri	Desember 2013	5	400	1.450	1.850
Tálknafjörður	Desember 2013	5	400	1.532	1.932
Samtals		34	1800	6.582	8.382

Gróft yfirlit gefur til kynna að samningurinn hafi verið stærstur við fyrirtæki á Flateyri eða um 2.100 þorskígildistonn. Þar munar miklu um rausnarlegt mótframlag heimamanna. Jafnvel þó stærð samnings sé leiðréttur fyrir íbúafjölda – eins og betra er að gera – er hann stærstur á Flateyri eða 10,3 tonn á hvern íbúa (Tafla 3). Þá er hann minnstur að umfangi á Drangnesi. Fjöldi fyrirtækja sem eiga aðild að samningunum er mismunandi (Tafla 2). Flest voru þau átta á Raufarhöfn, sjö á Drangnesi, fjögur á Bakkafirði en fimm á öðrum stöðum.

Tafla 3: Íbúafjöldi Aflamarksbyggða og hlutfallsleg stærð samninga.

Heimild: Byggðastofnun og Hagstofa Íslands.

Byggðarlög	Dagsetning samnings	Heildarfjöldi íbúa í janúar 2014	Fjöldi íbúa á aldrinum 18-67	Hlutfallsleg stærð samnings
Bakkafjörður	26. maí 2014	84	56	7,1
Drangsnes	28. janúar 2014	71	50	4,2
Flateyri	janúar 2014	204	145	10,3
Raufarhöfn	11. desember 2013	166	110	9,6
Suðureyri	Desember 2013	271	190	6,8
Tálknafjörður	Desember 2013	278	169	6,9
Samtals		1074	720	7,9

Þó samningar hafi verið gerðir við fyrirtæki í sex byggðarlögum þá tilheyra þau aðeins fimm sveitarfélögum. Þetta er dregið fram þar sem sumar staðtölur eru eingöngu brotnar upp eftir sveitarfélögum en ekki byggðarlögum.

Tafla 4: Íbúafjöldi Aflamarkssveitarfélaga og hlutfallslegt vægi byggðanna í þeim.

Heimild: Byggðastofnun og Hagstofa Íslands.

Sveitarfélög	Byggðarlög	Íbúafjöldi janúar 2014	Íbúafjöldi janúar 2014	Hlutfall byggðarlags í sveitarfélagi
Norðurþing	Raufarhöfn	2.822	166	5,9%
Ísafjarðarbær	Flateyri, Suðureyri	3.639	475	13,1%
Langanesbyggð	Bakkafjörður	531	84	15,8%
Kaldrananeshreppur	Drangsnes	105	71	67,6%
Tálknafjarðarhreppur	Tálknafjörður	297	278	93,6%
Samtals		7.394	1074	

Athygli vekur að byggðarlögin eru misstór hluti af sveitarfélögum þegar horft er til íbúafjölda. Á Raufarhöfn búa t.a.m. eingöngu 5,9% íbúa Norðurþings á meðan tæplega 94% íbúa Tálknafjarðarhrepps búa á Tálknafirði. Þess vegna er athyglisvert að sjá hvort þær byggðir sem eru hluti af stærra og öflugra sveitarfélagi eigi á einhvern hátt meiri möguleika eða minni til að ná viðspyrnu þegar aðstoð af því tagi, sem Aflamark Byggðastofnunar er, kemur til jafnvel þó það verði ekki viðfangsefni þessarar skýrslu.

3.3 VERKEFNIÐ OG MARKMIÐ ÞESS

Verkefnið felst í því að útdeila 1.800 tonna kvóta í þorskígildum til byggðarlaga úr markhópnum í þeim tilgangi að ná tilsettum markmiðum. Markmiðunum má kannski skipta upp í langtíma- og skammtímamarkmið.

Skammtímamarkmið verkefnisins koma fram í túlkun Byggðastofnunar. Í fyrsta lagi er markmiðið að fjölga ársverkum í sjávarútvegi og í öðru lagi að efla atvinnugreinina. Hið fyrra felur hið síðara að nokkru leyti í sér en ekki að öllu leyti þar sem efling atvinnugreinarinnar felur stundum í sér tæknivæðingu og hagræðingu sem leiðir til fækkunar starfa. Þá er einnig hægt að ná fram fjölgun starfsmanna sem leiðir til veikingar atvinnugreinarinnar ef tekjur fylgja ekki kostnaðarhækkunum eftir vegna launa og launatengdra gjalda. Mikilvægt er að horfa til eflingar atvinnugreinarinnar fremur en fjölgunar starfa því ef reksturinn verður aldrei sterkur blasir gjaldþrot við þegar opinberum stuðningi sleppir og störfin munu öll hverfa í stað þeirra fáu sem hann hefði geta borið ef í nauðsynlega hagræðingu hefði verið ráðist.

Meginmarkmið verkefnisins er því að auka byggðafestu eins og áður var getið. Náist það markmið ætту búferlaflutningar að vera hagstæðari þessum byggðum en þeir hafa verið – þ.e. það dregur úr þeim fólksflotta sem einkennt hefur þessar byggðir þegar til lengri tíma er litið. Þetta ætti því að vera langtímamarkmið verkefnisins því áhrif fjölgunar starfa og bættrar afkomu fyrirtækja getur tekið langan tíma að hafa áhrif á íbúabróun þar sem hún er ekki eingöngu háð atvinnustigi, launum og stöðu á fasteignamarkaði heldur líka væntingum íbúanna um þróun þessara þátta til framtíðar. Í hugum íbúa þeirra staða þar sem atvinna hefur verið ótrygg um langt árabíl ríkir mikil óvissa og langur tími getur liðið frá því staðan batnar og þar til íbúarnir upplifa atvinnuöryggi á ný.

3.4 FYRIRHUGAÐ ÁRANGURSMAT

Byggðastofnun hefur í hyggju að framkvæma árangursmat á verkefninu ár hvert. Það felst í gagnaöflun hjá þátttakendum verkefnisins og greiningu þeirra. Eftirfarandi upplýsingum verður safnað:

1. Fjöldi vinnsludaga frá því að samkomulag var undirritað og frá 1. september 2013 - 31. ágúst 2014. Til samanburðar er óskað eftir sambærilegum tölum fyrir fiskveiðiárið 2012/2013.
2. Fjöldi starfa í vinnslu, beitningu, stjórnun og á sjó á mánuði frá 1. september 2013 - 31. ágúst 2014. Til samanburðar er óskað eftir sambærilegum tölum fyrir fiskveiðiárið 2012/2013.
3. Heildarafli inn til fiskvinnslunnar í þorskígildum talið, skipt eftir þeim útgerðum sem koma að samkomulaginu.
4. Annar afli eða aðrar afurðir sem farið hafa í gegnum vinnsluna.
5. Gera grein fyrir kvótafærslum á bátum sem koma að verkefninu, frá undirritun samnings og frá 1. september 2013 - 31. ágúst 2014. Þeir þættir sem verið er að leita eftir eru m.a. leiga frá og til, sala og kaup aflaheimilda, vistunarsamningar og hversu mikið aflamark er flutt yfir á næsta fiskveiðiár (2014/2015).
6. Hefur samningurinn styrkt útgerð og vinnslu á staðnum? Stutt lýsing á áhrifum samningsins að mati tengiliðar samningsins.
7. Upplýsingar um hnökra sem kunna að hafa komið upp við framkvæmd samningsins og hvað mætti fara betur þannig að markmið hans náist sem best.
8. Hvort samningar voru kynntir sérstaklega fyrir starfsfólki eða íbúum staðarins?

Þátttakendurnir verða beðnir um að senda inn þessar upplýsingar en jafnframt verður þeim gerð grein fyrir því að allar þessar upplýsingar megi sannreyna með beinum eða óbeinum hætti. Þar sem skammt er liðið á verkefnið mun Byggðastofnun endurmeta hvort breyta eigi árangursmatinu.

Öflun þessara upplýsinga lauk fyrir fyrsta ár verkefnisins á haustdögum 2014 og verður greint frá þeim síðar.

4 AÐRAR FÆRAR LEIÐIR AÐ SAMA MARKMIÐI

Aflamark Byggðastofnunar er sértæk byggðaaðgerð, sérsniðin að markhópnum vegna sérstöðu þeirra vandamála sem við blasa. Ljóst er að almennar byggðaaðgerðir, eins og Vaxtarsamningur, Sóknaráætlun, lánafyrirgreiðslur Byggðastofnunar og annað þess háttar, hafa ekki nýst þessum stöðum þegar horft er til þeirrar uggvænlegru búsetuþróunar sem átt hefur sér stað á undanförunum áratugum. Þess vegna var talið að sértækar leiðir væru nauðsynlegar. Þar sem það er hald allnokkurra að rót vandans verði rakin til þróunar og endurskipulagningar sjávarútvegs, sem átt hefur sér stað eftir að kvótakerfið var sett á laggirnar, var talið eðlilegt að sértæka aðgerðin yrði í tengslum við þá atvinnugrein. Ekki hefur FB heldur orðið þessum samfélögum til eflingar, eins og sjá má síðar í skýrslunni, og því þurfti breytingar við.

Komið hefur fram í fjölda rannsókna (Greenwood & Hunt, 2003; Ravenstein, 1885) að konur eru viljugri til að flytja brott en karlar þegar harðnar á dalnum. Ennfremur hefur komið í ljós að karlar fylgja í kjölfarið ef að konur flytja brott (Vífill Karlsson, 2013). Það virðist því mikilvægt að styrkja stöðu kvenna í byggðarlögum sem eiga undir högg að sækja. Verkefni sem þetta hefur tilhneigingu til að styðja við stöðu kvenna ef marka má niðurstöður nýlegrar rannsóknar á búferlaflutningamynstri á Íslandi (Vífill Karlsson, 2013) – en þar kemur fram að búseta kvenna sé viðkvæmari en búseta karla fyrir sveiflum í aflamarki sem byggðirnar hafa úr að spila. Hins vegar væri það ekki líklegt til árangurs ef ekki næðist stöðugleiki í kvótaeign heimamanna því konur eru mun áhættufælnari en karlar (Lampert & Yassour, 1992; Pálsson, 1996; Powell & Ansic, 1997; Prince, 1993; Schubert, Brown, Gysler, & Brachinger, 1999) og því allar sveiflur sérlega óæskilegar gagnvart þeim.

Meðal þeirra leiða sem gætu verið færar að þessu markmiði eru:

1. Aflamark Byggðastofnunar
2. Beinn flutningur á opinberum störfum – einkum kvennastörfum – til þessara byggða.
3. Útvistun opinberra starfa – einkum fjarvinnsluverkefni. Þarna getur verið um afmörkuð verkefni stórra opinberra stofnana að ræða eins og símsvörun eða útgáfa vegabréfa eru dæmi um.
4. Lægri tekjuskattar á fólk, sem þarna býr, eða aðrar opinberar ívilnanir til íbúanna.
5. Nýsköpunarverkefni byggð á afleiddri starfsemi sjávarútvegs.
6. Niðurgreiðslur á flutningskostnaði vegna hráefnis til landvinnslu.

Ekki er auðvelt að benda á aðrar færar leiðir til að bregðast við aðsteðjandi vanda þessara byggða þar sem samkeppnisforskot þeirra er í sjávarútvegi. Ekki er vitað hvers vegna farið var af stað með AB fremur en önnur verkefni sem komu til greina – en ljóst má þykja að ekki er auðvelt að koma auga á hentugra verkefni við þessar aðstæður í viðkomandi byggðum.

Eftirfarandi einkunnagjöf gefur okkur færi á að bera saman hlutfallslega kosti þeirra verkefna sem koma til greina. Verkefnunum eru gefnar huglægar einkunnir á bilinu 1 til 3 (3 best og 1 verst) fyrir skilvirkni, kostnað og áhættu.

- Skilvirkni stendur fyrir hversu líklegt sé að verkefni nái tilsettum markmiðum
- Kostnaður stendur fyrir samfélagslegan kostnað verkefnis.
- Með áhættu er verið að hugsa um hættu á svindli þátttakenda eða einhverri þeirri hegðun sem dregur úr tilætluðum áhrifum aðgerðarinnar.

- Varanleiki stendur fyrir hversu viðkvæmur líftími verkefnisins er fyrir duttlungum stjórn mála- og heimamanna. Þessi þáttur er mikilvægur þar sem áhrif svona verkefna geta tekið langan tíma að koma fram.

Niðurstöður greiningarinnar er að finna í næstu töflu.

Tafla 5: Kostagreining mögulegra verkefna.

Verkefni	Skilvirkni	Kostnaður	Áhætta	Varanleiki	Meðal-einkunn
1. Aflamark Byggðastofnunar	3	2,5	2	2	2,38
2. Flutningur opinberra stofnana	1	2	3	2	2,00
3. Útvistun opinberra starfa	3	3	3	1	2,25
4. Lægri tekjuskattur	1	2	2	2,5	1,88
5. Nýsköpunarverkefni	3	1	1	2	1,75
6. Niðurgreiðsla flutningskostnaðar	2	2	3	2,5	2,25

3 = hátt; 2 = miðeinkunn; 1 = lág einkunn

Rökstuðningur fyrir einkunnagjöf:

1. **Aflamark Byggðastofnunar** fær hæstu einkunn fyrir skilvirkni þar sem án svindls (metið seinna) skilar það auknum umsvifum í atvinnugrein sem byggðin hefur hlutfallslega yfirburði í. Auk þess myndi það skila störfum fyrir ófaglærðar konur. Verkefnið fær nærri því hæstu einkunn fyrir kostnað þar sem búast má við að aflaheimildirnar yrðu eingöngu teknar af aukningu heildaraflamarks ef af aukningu yrði. Það er vissulega á kostnað einhvers annars en vísbendingar eru samt fyrir því að þetta fyrirkomulag sé frekar líður í því að skapa sátt um fiskveiðistjórnunina í heild þar sem útgerðarmenn séu jákvæðari í garð þessa fyrirkomulags en byggðakvóta Fiskistofu. Verkefnið fær miðeinkunn (2) fyrir áhættu þar sem ákveðin hætta er á svindli í einhverju formi. Hins vegar eru nokkuð margir þátttakendur um hvern samning og áætlanir uppi um að fylgjast vel með framkvæmd samninganna. Þá fær verkefnið miðeinkunn fyrir varanleika þar sem menn eiga ennþá nokkuð í land með að ná sátt um stjórnun fiskveiða.
2. **Flutningur opinberra stofnana** fengi lægstu einkunn fyrir skilvirkni vegna þess að markhópur aflamarksins samanstendur af mjög fámennum samfélögum og sérhæfðum og því nánast útilokað að þau gætu tekið við heilli opinberri stofnun. Verkefnið fengi tvo fyrir kostnað vegna þess að flutningur opinberra stofnana yrði á kostnað fyrrum starfsmanna auk þess sem líkurnar á að finna sambærilega hæfa starfskrafta myndu vera rýrir í mjög fámennum samfélögum. Einhver hætta er á að verkefnið hafi ekki tilætluð áhrif komist það á. Hætta er á að störfin væru unnin af fólki úr öðrum byggðarlögum en þeim er tilheyra markhópi AB. Þau eru hins vegar það einangruð að ekki eru miklar líkur á því. Varanleiki þessara starfa er talinn í tæpu meðallagi vegna þess að hætt er við að spekileki ógnaði hæfni stofnananna og þar með getu þeirra til að sinna þeim verkefnum sem þeim væri ætlað að sinna.
3. **Útvistun opinberra starfa** gæti verið heppileg smáum byggðarlögum en það eru ákveðnir annmarkar þar á. Þessi flokkur verkefna fengi þó hæstu einkunn fyrir skilvirkni því sníða mætti fjölda starfa bæði að stærð samfélagsins og hæfni þess vinnuafis sem er til staðar. Þá gætu störfin verið í tengslum við sjávarútveg og hentað konum. Kostnaður ber hæstu einkunn þar sem verkefnum hins opinbera virðist bara fara vaxandi sé horft til

sögulegra talna (Grétar Þór Eyþórsson, Erik Glösen, & Vífill Karlsson, 2014) og færa mætti afmörkuð verkefni þegar aukning á sér stað hjá hinu opinbera. Þess utan eru laun almennt lægri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu (Vífill Karlsson, 2010, p. 4) og starfsmannavelta hægari. Eitthvað gæti kostnaður orðið hærri að því leyti að erfiðara er fyrir stofnanir að vera á mörgum stöðum. Áhætta útvistunar er hverfandi lítil þar sem að binda mætti stöðuveitinguna ákveðinni búsetu vegna markmiðs verkefnisins - standist það lög. Varanleiki fengi lægstu einkunn vegna þess að forstöðumenn skera alltaf fyrst frá sér þegar þeir lenda í vandræðum með að standast fjárlagarammann. Hins vegar mætti setja inn hagræna hvata gagnvart stofnunum eins og t.a.m. að fjárlagarammi hennar næði ekki að hluta til eða öllu leyti til landfræðilegra útvistaðra starfa af þessu tagi til að draga úr þessum áhrifum.

4. **Lægri tekjuskattur** hefur hverfandi litla skilvirkni þar sem ekki er líklegt að fólk flytji til staða sem falla undir markhóp AB ef ekki er neina atvinnu þar að fá. Atvinnulífið er þar einsleitt og ekki líklegt að einyrkjar í menningu, listum, nýsköpun eða rannsóknnum flytjist þangað í þeim tilgangi að nýta sér slíka skattaávilnun. Kostnaður við svona verkefni er miðlungs þar sem þetta er króna á móti krónu. Áhættan er líka miðlungs og gæti að sumu leyti verið meiri þar sem einhver hætta yrði á „skuggaskráningum“ – þ.e. að fólk skrái sig á þessa staði án þess að búa þar. Vissulega myndi útsvar viðkomandi einstaklings skila sér til sveitarfélagsins en áhrifin af návist viðkomandi einstaklinga og starfi þeirra yrði hverfandi lítil. Varanleiki verkefnisins er rúmlega miðlungs því slík framkvæmd verður ekki að veruleika nema með almennum lögum sem felur í sér nokkurn stöðugleika um hana eins og aðrar breytingar á skattalögum – fáist þau samþykkt.
5. **Nýsköpunarverkefni** fær hæstu skilvirkni einkunn ef það kemst á koppinn því það myndi þá að öllum líkindum vera í tengslum við sjávarútveg og njóta nálægðar hans. Það eru hins vegar litlar líkur á að nýsköpunarverkefni, sem farið er af stað með, verði að raunveruleika vegna fjarlægðar frá öllu stoðkerfi og fólki í sambærilegum hugrenningum. Þess vegna fær þetta verkefni lægstu áhættueinkunn. Kostnaður er síðan óheyrilegur í flestum nýsköpunarverkefnum og er einkunnin eftir því. Varanleiki slíkra verkefna er gefinn tveir í einkunn (50/50) þar sem vel heppnuð nýsköpunarverkefni eru gjarnan keypt upp af stærri og öflugri aðilum sbr. sum verkefni Pólsins á Ísafirði.
6. **Niðurgreiðslur á flutningskostnaði** er ein leið til að styrkja landvinnslu á útnárum. Sýnt hefur verið fram á það í yfirgripsmikilli greiningu að ástæðan fyrir því að staðir fjarri hringveginum hafa tapað hlutdeild sinni í unnum afla er vanmáttur þeirra til að keppa um afla á fiskmörkuðum um land allt vegna hás flutningskostnaðar til og frá stöðunum. Með því að jafna aðstöðu þeirra að þessu leyti ættu þeir meiri möguleika á að kaupa hráefni að. Þar sem markhópur AB eru litlar vinnslur væri ekki um mikið magn að ræða og lítil röskun á heildarmarkaðnum og kostnaður verkefnisins því miðlungs. Skilvirknin gæti verið miðlungs líka þar sem aðgerðin væri sértæk, kæmi landvinnslunni vel og styddi þar með frekar við störf kvenna en karla. Hins vegar er ekki víst að þessi aðgerð væri nægjanleg ef verkanirnar hafa verið í rekstrarvanda um langt árabil því það þarf að staðgreiða hráefniskaup á fiskmörkuðum og reiða fram bankaábyrgðir. Áhættan ætti að vera í lágmarki þar sem niðurgreiðslan fengist eingöngu fyrir framlagða flutningsreikninga. Varanleiki ætti líka að geta verið nokkur þar sem einhver freisting ætti að vera til staðar af hendi hins opinbera að leggja verkefnið niður þar sem útgjöld ríkisins væri einhver en þrýstingur frá hagsmunaaðilum ætti að vera í lágmarki.

Af þessari samantekt (Tafla 5) má sjá að Aflamark Byggðastofnunar er álitlegasti kosturinn af þeim sem að framan eru taldir og því skiljanlegt að menn hafi reynt það um nokkurt árabíl – fyrst í þeirri mynd sem Fiskistofa rekur (FB) og síðan AB.

5 ÁHÆTTUMAT

Áhættumatið er í fjórum skrefum. Fyrst verða hugsanlegir áhættuþættir settir fram, síðan verður áhættumatið rökstutt og því næst verður gerð grein fyrir mögulegum efnahagslegum lekaáhrifum (útskýrt síðar) hvers áhættuþáttar. Að lokum verður gerð tilraun til að reikna út heildaráhættu verkefnisins, fyrst án lekaáhrifa og svo með þeim. Umfjölluninni er því skipt upp í samræmi við það.

5.1 ATVIK SEM FELA Í SÉR ÁHÆTTUÞÆTTI

Ljóst má þykja að Byggðastofnun vill stuðla að því að margfeldisáhrif AB verði sem mest því það rennir stoðum undir byggðafestuáhrifin. Þess vegna er mjög mikilvægt að aukin veiði verði til þess að vinnsla aukist með tilsvarendi hætti eða meira.

Helsta áhætta verkefnisins felst þess vegna í því að veiðiheimildirnar nýtist ekki byggðarlaginu til fjölgunar starfa. Samkvæmt þeim samningum sem gerðir hafa verið er ætlunin að koma á stöðugri heilsárs fiskvinnslu í byggðarlögunum, að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum fyrir karla og konur við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi í viðkomandi byggðarlögum til lengri tíma. Áhættuþættir verkefnisins eru því helstir:

- A. **Leiga/sala á byggðakvóta.** Að veiðiheimildirnar sem Byggðastofnun úthlutar, eða tilsvarendi magn af heimildum sem voru áður í eigu heimamanna, verði leigðar einstaklingum eða lögaðilum utan viðkomandi byggða og styðji því ekki við uppbyggingu starfa í fiskveiðum og þar með fiskvinnslu.
- B. **Vinnsla annarsstaðar.** Að afli sem kemur á land í viðkomandi byggðarlögum vegna Aflamarks Byggðastofnunar fari til vinnslu annars staðar – þannig að vinnslumagn í viðkomandi byggðarlagi aukist ekki jafnvel þó fiskveiðar aukist.
- C. **Áframhaldandi taprekstur.** Að verkefnið sé ekki nægjanlegt að umfangi til þess að snúa taprekstri allra eða einhverra þátttakenda í hagnað.
- D. **Þekkingarskortir viðhaldið.** Að aðgerðin komi í veg fyrir að stjórnendur taki á öðrum mögulegum undirliggjandi vandamálum í rekstri fyrirtækisins/fyrirtækjanna eins og t.d. þekkingarskortir.
- E. **Aukin sóun.** Að aðgerðin bæti afkomu aðildarfyrirtækjanna það mikið að það fjari mikið undan því aðhaldi sem rekstrinum hefur verið veitt og stuðli því að aukinni sóun.
- F. **Aukið tap.** Að AB verði til þess að afkoma aðildarfyrirtækjanna versni. Það getur átt sér stað þegar:
 - a. Tekjur lækka hjá þátttakendum sem hafa selt hráefni á fiskmörkuðum eða annað fyrir herra verð en þeir fá sem aðilar að AB.
 - b. Þátttakendur ráðast í óarðbæra fjárfestingu vegna verkefnisins.
 - c. Aðrir rekstraraðilar í viðkomandi byggðarlögum missa viðskipti beint eða óbeint vegna Aflamarks Byggðastofnunar.
 - d. Rekstraraðilar í öðrum brothættum byggðarlögum tapa viðskiptum vegna Aflamarks Byggðastofnunar.
- G. **Aukin óvissa til lengri tíma.** Að verkefnið verði til þess að viðhalda eða jafnvel auka sveiflur í afkomu viðkomandi byggðarlaga.

5.2 ÁHÆTTUMAT

Þar sem ekki liggur fyrir mikið af sögulegum gögnum um framgang þessa verkefnis eða nægjanlega sambærilegs verður áhættumatið að hluta til huglægt. Stuðst verður við prósentutölur; 0 er engin áhætta og 100% hámarksáhætta þar sem öruggt þykir að atvik hendi.

- A. **Leiga/sala á byggðakvóta.** Þátttakendur gætu ákveðið að leigja veiðiheimildirnar á almennum markaði með beinum eða óbeinum hætti þannig að landaður afli í heimahöfn viðkomandi byggðarlaga aukist ekki. Rifjum upp að Byggðastofnun gerir samninga við þátttakendur verkefnisins þar sem viðkomandi aðilar fá úthlutað ákveðnu aflamarki og þar sem þeir tilgreina það aflamark sem þeir ætla að leggja á móti. Á hverju ári mun Byggðastofnun kalla síðan eftir upplýsingum um veiðar og ráðstöfun og stemma síðan af. (Vífill Karlsson, 2014) Ef þessar upplýsingar eru stemmdar af við nægjanlega góð gögn gæti áhættan verið svipuð og í almenna byggðakvótakerfinu eða jafnvel minni. Til varúðar notum við reynsluna úr almenna kvótakerfinu og teljum áhættuna 22% sem byggir á reynslugögnum (Mynd 26).
- B. **Vinnsla annars staðar.** Ef landaður afli fer til vinnslu annars staðar dregur verulega úr mögulegum margfeldisáhrifum verkefnisins. Vissulega kann að vera freistandi að bjóða aflann hæstbjóðanda á fiskmarkaði – á ákveðnum árstíma fæst mun hærra verð fyrir hann en í föstum viðskiptum við tiltekna fiskvinnslu eins og kveður á um í þessu verkefni (Vífill Karlsson, 2014). Þátttakendur semja stundum um skiptastofuverð í viðskiptum sín í milli, einnig markaðsverð að frádregnum markaðskostnaði og í sumum tilfellum fóru viðskiptin á milli fiskverkunar og eigin báta með kvóta (Vífill Karlsson, 2014). Í öllum tilvikum komu viðskiptakjörin fram í AB samningunum og áhættan gæti verið sambærileg þeim sem var í fyrri áhættuþætti þar sem samið er um vinnsluna í sama samningi og veiðarnar og eftirlitið er sambærilegt. Mikilvægt er að stemma uppgefnar upplýsingar af við nægjanlega góð gögn eins og t.a.m. hvaða afurðir eru framleiddar og hverjir eru kaupendurnir. Áhættumatið byggir á reynslugögnum og er 24% (Mynd 25), sem er örlítið meira en í fyrri áhættuþætti.
- C. **Áframhaldandi taprekstur.** Ef þátttakendur hafa glímt við taprekstur um tíma og verkefnið verður ekki til þess að snúa þeirri stöðu við er tjaldað til einnar nætur og langtímaáhrif verkefnisins engin og byggðafestuáhrifin því engin. Orsakir tapreksturs geta verið a.m.k. þrjár. Í fyrsta lagi vankunnáttu stjórnenda og í öðru lagi tæknilegs eðlis – þ.e. að uppbygging fyrirtækisins geti tæknilega ekki skilað hagnaði miðað við þann afla sem fæst á hverjum tíma. Í þriðja lagi getur verið um sögulegar ástæður að ræða. Þar er átt við að langvarandi tap hafi gert skuldastöðu fyrirtækisins þannig að „eðlileg“ velta stendur ekki undir afborgunum og vöxtum af lánum. Áhætta af þessu tagi er metin upp á 20% sem er nokkuð hátt vegna þess að ekki er ólíklegt að taprekstur hafi verið fyrir hendi um langa hríð á þeim stöðum sem teljast til markhóps Byggðastofnunar og það staðfesti Byggðastofnun (Vífill Karlsson, 2014). Auk þess er hættu á að aflamarkið, sem Byggðastofnun hefur úr að spila, sé það lítið að það dugi ekki í öllum tilvikum til að snúa afkomu fyrirtækjanna við.
- D. **Þekkingarskortir viðhaldið.** Vandamál sjávarútvegs á þessum litlu stöðum, sem hafa gert samninga við Byggðastofnun, kunna að vera rakin til rekstrarvanda sem stjórnendur ráða ekki við vegna þekkingarskorts eða vankunnáttu. Verkefnið kann síðan að snúa rekstri úr tapi í hagnað án þess að fyrri vandinn hafi verið leystur. Þess konar vandamál leysast annað hvort með því að stjórnendurnir afla sér þekkingar eða þeir keyra

fyrirtækið í þrot og nýir, færari einstaklingar taka við keflinu. Þá leiðir verkefnið til þess að aldrei verður tekið á upprunalega vandanum og árangurinn því takmarkaðri en hann gæti ella orðið – og verkefnið stuðlar því að sóun. Engin rekstrargreining og –ráðgjöf fylgdi verkefninu en Byggðastofnun þekkti rekstrarstöðu flestra aðildarfyrirtækjanna og var hún í flestum tilfellum þröng (Vífill Karlsson, 2014). Þar sem þekkingarskortur er ekki talin aðalorsök þess vanda, sem fyrirtækin eru í, er áhættan metin upp á 15%.

- E. **Aukin sóun.** „Neyðin kennir naktri konu að spinna“. Þrengingar geta tamið mönnum ráðvendi en gnægð elur stundum af sér sóun. Það sést m.a. á því að kvótakerfið hefur aukið heildaraflaverðmæti í sjávarútvegi jafnvel þó að heildaraflamark hafi dregist saman um meira en helming í sumum af verðmætustu fisktegundum eins og t.a.m. þorski. Þess vegna geta rekstraraðilar sem hafa náð að reka sín fyrirtæki með rekstrarafgangi misst fótanna þegar þrengingar fara yfir í gnægð. Aflamark gæti leitt til slíkra áhrifa en erfitt er að sjá þau fyrir og meta þau nema með rekstrarráðgjöf og settum vörðum á lykilkennitölur rekstrar. Áhætta af þessu tagi er nokkur vegna þess að handleiðsla er ekki veitt um rekstur fyrirtækjanna (Vífill Karlsson, 2014). Áhættan er því 5%.
- F. **Aukið tap.** Verkefnið gæti leitt til að staða sjávarútvegsfyrirtækja í brothættum byggðum versni og störfum fækki þegar til lengri tíma er litið. Þetta á við um öll fyrirtæki í brothættum byggðum hvort sem þau eiga aðild að samningum AB eða ekki. Mögulegar orsakir þessa voru raktar að hluta til hér á undan:
- Verkefnið felur í sér að afla sé landað hjá einum tilteknum aðila og þar með geta viðkomandi útgerðir orðið af tekjum þar sem meðalverð á fiskmörkuðum hefur verið hærra en bein viðskipti gefa. Sú tekjuskerðing getur grafið undan afkomu fyrirtækjanna. Þá er mikilvægt að auknar veiðiheimildir verði til að bæta þann mismun svo útgerðir sjái sér hag af AB samningnum.
 - Ef fyrirtæki í sjávarútvegi eru fleiri í viðkomandi byggðarlagi kann AB að rjúfa einhver viðskiptasambönd. Skaðinn gæti verið meiri en staðbundinn ávinningur AB þegar til lengri tíma er litið.
 - Ef þátttakendur í AB hafa átt í viðskiptum (beinum) við fyrirtæki annars staðar á landinu verða þau fyrir fjárhagslegum skaða sem framlegð hráefniskortsins nemur. Þetta er sérstaklega hvítleitt ef fyrirtækin eru í brothættri byggð (sjá kafla 3.1).

Leiðsögn og ráðgjöf dregur úr hættunni á a) en greining á atvinnugreininni dregur úr hættu af c) og d). Þar sem hvorugt er til staðar er áhættan talin vera 15%.

G. **Aukin óvissa til lengri tíma.**

- Ef veiðiheimildir aukast vegna AB og hverfa svo að samningstíma liðnum (þrjú ár) er betur heima setið en af stað farið. Sveiflur í afkomu kynda undir óvissu í afkomu almennings. Margt bendir til að óvissa stuðli að búferlaflutningum – einkum kvenna (Vífill Karlsson, 2013). Þess vegna þyrfti samningurinn um Aflamark Byggðastofnunar að vera til lengri tíma eða gerð áætlun viðkomandi aðila um að nota aukinn hagnað til að eignast veiðiheimildir til jafns við (eða sem næst) AB. Þá væri hyggilegt að setja einhver skilyrði um framtíðarnýtingu þeirra veiðiheimilda.
- Auknar veiðiheimildir og möguleiki til vinnslu getur kallað á fjárfestingar í tækjum. Bjartsýni getur hleypt mönnum kapp í kinn og haft áhrif á umfang fjárfestinga þannig að reiknað er með hlutdeild AB um lengri tíma en samið er.

Líklegt er að sú fjárfesting væri ekki arðbær að samningstíma liðnum ef aflamagnið færi aftur til fyrra horfs.

Ekki stendur til að framlengja samninginn umfram þessu þrjú ár eða gera áætlun af því tagi sem nefnd er hér að ofan (Vífill Karlsson, 2014) og er því áhættan talin vera 60%.

5.3 LEKAÁHRIF OG SAMANTEKT Á ÁHÆTTUMATI

Í þessum kafla þarf að meta lekaáhrif hvers atviks. Það er gert til að geta tölusett áhættumatið. Með lekaáhrifum er átt við hversu mikið hvert atvik myndi grafa undan mögulegum hámarks-efnahagsáhrifum AB. Sem dæmi má segja að staðbundin efnahagsleg áhrif byggðakvótans eru ekki engin jafnvel þó hann sé allur seldur annað. Áhrifin eru tilgreind í prósentum þannig að 100% lekaáhrif kveða á um að viðkomandi þáttur gerir AB algerlega áhrifalaust í byggðarlaginu. Á þessum tímapunkti liggja ekki fyrir nægjanleg gögn til að meta lekaáhrif atvika með mikilli vissu og verða þau því metin huglægt hér.

- H. **Leigja/selja byggðakvótann.** Lekaáhrif þess ef byggðakvótinn er seldur eða leigður í burtu má gera ráð fyrir að verði 100% ef tekjur af sölunni eða leigunni renna viðstöðulaust í fjárfestingar eða neyslu utan byggðarlagsins. Vissulega má fullyrða að einhver hluti nýttist innan svæðis en af almennt umfjöllun um málið má ætla þau takmörkuð. Gert er því ráð fyrir að lekaáhrifin séu 80%.
- I. **Vinnsla annars staðar.** Ef aflinn fer til vinnslu annars staðar hefur byggðakvótinn eingöngu áhrif á veiðarnar og síðan verður að gera ráð fyrir að aflinn fari til vinnslu annars staðar vegna þess að það sé hagkvæmara. Viðbótarhagnaður kemur því að auki inn í samfélagið og nýttist trúlega á svæðinu ef útgerðin er í fullum rekstri þar. Lekaáhrifin eru því metin til hálfis á við það þegar kvótinn er seldur burt eða 40%.
- J. **Áframhaldandi taprekstur.** Ef AB leiðir til áframhaldandi tapreksturs verða jákvæð áhrif af verkefninu mjög skammvinn – eða rétt rúmlega samningstímamann –, fyrirtækin rata fljótlega í vandræði aftur og byggðafestuáhrifin takmarkast því við þann tíma. Lekaáhrifin eru því a.m.k. 70%.
- K. **Þekkingarskortir viðhaldið.** Með tilkomu aukaafلامarks getur þekkingarskortur verið viðhaldið. Slíkt takmarkar þann ábata sem náðst gæti ef færni stjórnenda væri til jafns við það sem almennt gerist í atvinnugreininni. Fyrirtækið gæti samt gengið um ókomna tíð en það hefði geta gengið betur. Lekaáhrifin eru því metin vera u.þ.b. 25%.
- L. **Aukin sóun.** Þessi liður er nátengdur þeim fyrri og fær því sama mat eða 25%.
- M. **Aukið tap.** AB gæti leitt til þess að tap sjávarútvegsfyrirtækja í brothættum byggðum ykist þegar til lengri tíma væri litið og því áhrifin áþekk því sem lýst var í lið 3, nema örlítið vægari því hagnaðurinn gæti aukist á móti hjá aðilum sem eiga beinan þátt að samningunum og gætu komið seinna fram ef þau hefðu áhrif á aðildarfyrirtækin. Þessi áhrif eru því metin vera 50%.
- N. **Aukin óvissa til lengri tíma.** Þessi liður er um margt sambærilegur og lýst var í lið 3 og því metinn vera 70%.


5.4 NIÐURSTÖÐUR ÁHÆTTUMATS

Samantekt á umfjöllun kaflanna er að finna í töflunni:

Tafla 6: Yfirlit yfir áhættumat Aflamarks Byggðastofnunar.

Atvik / áhættuþættir	Einkunn	Lekaáhrif
Leiga/sala á byggðakvóta	22%	80%
Vinnsla annarsstaðar	24%	40%
Áframhaldandi taprekstur	20%	70%
Þekkingarskortir viðhaldið	15%	25%
Aukin sóun	5%	25%
Aukið tap	15%	50%
Aukin óvissa til lengri tíma	60%	70%

Á grundvelli þessara upplýsinga má stilla upp eftirfarandi áhættutré. Ef byggðakvóta er úthlutað eru 78% líkur á að hann verði veiddur af handhöfum hans. Þar af er 76% unnið af landvinnslu viðkomandi svæða. 32% líkur eru síðan á því að verkefnið leiði til gjaldþrots áður en þrjú ár eru liðin og þá 68% að verkefnið lifi lengur. Gert er ráð fyrir að jafnar líkur séu á að atvikin *þekkingarskortir viðhaldið* og *aukin sóun* eigi sér stað hvort sem verkefnið verði til skemmri eða lengri tíma.



Mynd 1: Áhættutré AB.

Þegar þessar líkur eru vegnar saman ásamt öllum öðrum mögulegum áföllum sem gengið geta yfir kemur í ljós að það er 75% áhætta í verkefninu til skemmri tíma en 92% til lengri tíma. Það þýðir að það eru 25% líkur á að ekkert fari úrskeiðis í verkefninu þegar til skemmri tíma er litið en ekki nema 8% þegar til lengri tíma er litið (sjá útreikninga í viðauka í kafla 12.1.)

Þegar þessir áhættuútreikningar voru vigtaðir með hugsanlegum lekaáhrifum kom í ljós að 43% líkur eru á að verkefnið skili engum efnahagslegum ávinningi þegar til skemmri tíma er litið en 57% þegar til lengri tíma er litið. (sjá útreikninga í viðauka í kafla 12.1.)


6 ÖNNUR SAMBÆRILEG VERKEFNI OG LÆRDÓMUR AF ÞEIM

Í almenna fiskveiðistjórnunarkerfinu, sem komið var á fót árið 1983, ákvarðar ráðherra heildaraflamark á hverju fiskveiðiári en eigendur fiskiskipa hafa veiðiheimildir sem reiknast sem hlutdeild í því. Frávik frá þessari almennu úthlutunarreglu veiðiheimilda kallast *pottar* og er AB dæmi um það. Í þessum kafla munum við fjalla um þessi frávik – einkum þau sem hafa styrkingu byggða að markmiði.

Nokkur sambærileg verkefni hafa verið sett af stað. Þar má nefna FB, strandveiðar, skelbætur og línuviltun. Upptalning verkefnanna er raðað eftir skyldleika þeirra við AB – þannig að FB er líkastur AB og línuviltun ólíkust. Af þessum sökum verður fjallað mest um FB og önnur verkefni rétt nefnd í framhjálaupi.

6.1 FYRRA BYGGÐAKVÓTAKERFIÐ

Fyrri Byggðakvótakerfið hefur verið rekið síðan 2003 hjá Fiskistofu. Það má í raun rekja aftur til ársins 1999 og var þá í umsjá Byggðastofnunar og var 1.500 þorskígildis-tonnum upphaflega ráðstafað þannig (Birgir Þór Runólfsson, 1999, p. 39). Árið 2003 var úthlutað 1.500 þorskígildis-tonnum eða innan við hálfu prósentu af heildarkvótanum. Kvótinn jókst síðan jafnt og þétt fram til ársins 2008 er hann dróst saman en hefur aukist síðan og var tæplega 7.500 tonn árið 2012 – þá rúm 2% af heildarkvótanum. Frá upphafi hefur hann því nærri fimmfaldast. (Mynd 2)



Mynd 2: Próun byggðakvóta frá 2003-2012.

Mynd Sigurðar Steins Einarssonar.

Orðrétt segir um byggðakvótann á heimasíðu Fiskistofu (Fiskistofa, 2014):

„Árlega ráðstafar atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra ákveðnum aflaheimildum til stuðnings byggðarlögum:

- *Sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og eru háð veiðum eða vinnslu á botnfiski*

- *Sem hafa orðið fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem hefur veruleg áhrif á atvinnuástand í byggðarlögunum.*

Ráðherra setur reglur um úthlutun til byggðarlaga og úthlutun til skipa. Sveitarfélög geta óskað eftir sérreglum frá almennu reglunni varðandi úthlutun og þarf ráðherra að samþykkja þær. Gildandi samþykktar sérreglur tiltekinna byggðarlaga er að finna í kafla um byggðakvóta fyrir hvert fiskveiðiár hér á vefnum, eftir því sem við á.

Fiskistofa sér um úthlutun aflaheimilda til fiskiskipa eftir þeim reglum sem gilda hverju sinni. Upplýsingar um úthlutun er að finna í upplýsingum um byggðakvóta hvers fiskveiðiárs.“

Af heimasíðu Fiskistofu má ráða að framkvæmd verkefnisins sé með svipuðum hætti og AB þar sem óskað er eftir umsóknum og afstaða er tekin til úthlutana á grundvelli þeirra. Þegar úthlutun hefur verið samþykkt er gerður samningur á milli Fiskistofu og þátttakenda.

Helsti munurinn á milli verkefnanna er:

- Markhópur AB er þrengri. Hann einskorðast við 17 byggðarlög – en byggðarlög eru um 102. Þar af teljast rúmlega 59% þeirra til sjávarbyggða (Vífill Karlsson, 2012, p. 12). Útgerðir úr öllum byggðarlögum geta sótt um byggðakvóta Fiskistofu.
- Samningsaðilar eru fleiri í AB en í byggðakvóta Fiskistofu.

Ekki finnast margar rannsóknir um byggðakvótann en vissar efasemdir koma fram í rannsókn Sigurðar Steins Einarssonar (2014, p. 51) um áhrif almenna byggðakvótaverkefnisins þegar hann bendir á að 15 stærstu útgerðir landsins fái 11% af úthlutuðum byggðakvóta. Með þessu sé samkeppnisstaða innan greinarinnar skekkt. Höfundur virðist gefa í skyn að stærstu útgerðir landsins þurfi ekki opinbera aðstoð þar sem markmið byggðakvótans sé að koma byggðarlögum, sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi sem hefur haft veruleg áhrif á atvinnuástand í byggðarlögunum, til aðstoðar eins og getið var í markmiðunum.

Í nýlegri rannsókn (Kokorsch, Karlsdóttir, & Benediktsson, Work in progress), sem byggðist á skoðanakönnun sem gerð var meðal þeirra sem vinna í sjávarútvegi (hagsmunaaðilar), kom í ljós að af fimm mismunandi kerfum kom byggðakvótinn síst til greina ef taka ætti upp nýjan grundvöll að fiskveiðistjórnarkerfi. Það segir eitthvað til um reynsluna af því hingað til. Þau kerfi sem þátttakendur gátu valið á milli voru í fyrsta lagi aflamarkskerfi með möguleika á framsali (ITQ), í öðru lagi sóknarmark (sbr. færeyska kerfið), í þriðja lagi svæðabundnar veiðar með aflahámarki (sbr. strandveiðar), í fjórða lagi byggðakvótar/pottar og í fimmta lagi markmiðatengd fiskveiðistjórnun¹. Þátttakendur voru 392 – þar af voru 55 kvótaeigendur og 144 unnu við veiðar.

6.2 ÖNNUR VERKEFNI

Línuviltun (þá tvöföldun) var fyrst sett á laggirnar árið 1990 en var afnumin 1. september 1996 ("Samkomulag um heildarafla smábáta staðfest," 1996). Hún var svo endurvakin árið 2003


¹ Markmiðatengd fiskveiðistjórnun byggir á eftirfarandi grundvallareiningum: Yfirvöld ákveða í samvinnu við hagsmunaaðila að hvaða markmiðum skuli stefnt við nýtingu fiskveiðiauðlindanna. Auk þess koma hagsmunaaðilar sér saman um hvernig markmiðunum verði náð. Síðan er fylgst með ákveðnum kennitölum sem segja til um hvort markmiðum stjórnunarplansins sé fylgt.

en þó eingöngu fyrir landbeittu línu. Í upphafi var um tvöföldun á aflaheimildum að ræða fyrir línuveiddan fisk en núna er ívilnunin mun minni. **Strandveiðar** hafa verið stundaðar síðan árið 2009. ("Skýrsla starfhóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða: Álitamál, greiningar, skýrslur og valkostir við breytingar á stjórn fiskveiða," 2010)

Skel- og rækjubætur voru fyrst veittar árið 2002 og tengist það væntanlega gríðarlegu höggi sem Stykkishólmur varð fyrir þegar veiðar á hörpuskel í Breiðafirði voru stöðvaðar vegna hruns stofnsins.

6.3 REYNSLAN OG LÆRDÓMUR AF VERKEFNUNUM

Til þess að gera sér grein fyrir reynslunni af FB var gögnum safnað saman yfir landaðan afla, vinnslumagn, byggðakvóta, línuívilnun, skelbætur, heildarkvóta, strandveiði og viðskipti með aflaheimildir hvers byggðarlags á árunum 2004-2012².




Mynd 3: Breyting á lönduðum afla og byggðakvóta 2005-2012.

Gögn Hagstofu Íslands, Fiskistofu og Atvinnu og nýsköpunarráðuneytis.

Í fyrstu voru breytingar á lönduðum afla og byggðakvóta Fiskistofu stillt saman upp í punktarið og einföld leitnilína metin og gaf hún vísbendingar um að byggðakvótinn hefði engin jákvæð áhrif á breytingu á lönduðum afla nema síður sé (Mynd 3). Þarna voru eingöngu gögn fyrir markhóp Byggðastofnunar, þ.e. byggðarlögin 17 sem talin voru upp í kafla 3.1.


² Þar sem ýmist var verið að bera saman gögn skráð á almanaksár og fiskveiðiár var fiskveiðiárið umreiknað yfir í almanaksár. Fyrst voru gögn skráð samkvæmt almanaksári og miðaðist það við fyrra fiskveiðiárið. Síðan var það umreiknað með einfaldri reglu þar sem afli almanaksárs tók 1/3 núverandi árs og 2/3 fyrra fiskveiðiárs.



Mynd 4: Breyting á landvinnslumagni og byggðakvóta 2005-2012.

Gögn Hagstofu Íslands, Fiskistofu og Atvinnu og nýsköpunarráðuneytis.

Því næst var breyting á byggðakvóta borin saman við breytingu á vinnslumagni og var niðurstaðan í öllum meginatriðum sú sama og í fyrri samanburði: Engar vísbendingar fyrir því að aukinn byggðakvóti styðji við landvinnslu á þessum stöðum.



Mynd 5: Breyting á afla fiskiskipa og byggðakvóta 2005-2012.

Gögn Hagstofu Íslands, Fiskistofu og Atvinnu og nýsköpunarráðuneytis.

Þá var samskonar greining framkvæmd fyrir afla fiskiskipa og virðist sama tilhneiging vera til staðar: Hverfandi lítið samband er á milli byggðakvóta byggðarlags og afla þeirra fiskiskipa sem skráð eru í viðkomandi byggðarlagi. Svo virðist sem byggðakvótinn sé seldur annað.

Síðan var framkvæmd nákvæmari greining á þessum samböndum. Það var gert með því að meta samtímis áhrif breytinga á byggðakvóta, skelbótum, strandveiðum, línuvinnun og heildarkvóta og breytingar á lönduðum afla, vinnslumagni og afla fiskiskipa. Niðurstöður þeirrar greininga gáfu ekki tilefni til annarra niðurstaðna en þegar hafa komið fram (Mynd 21-Mynd 23) nema

helst að byggðakvótinn hefur haft marktæk neikvæð áhrif á þessa þætti - sérstaklega vinnslumagn í landi og landaðan afla (Mynd 20 - Mynd 22).

Síðan var þetta mat framkvæmt fyrir öll byggðarlög á landinu sem tengjast sjávarútvegi og breyttust niðurstöðurnar ekki á nokkurn hátt.

7 VÆNTUR VIRÐISAUKI VERKEFNISINS

Með væntum viðbótaráhrifum verkefnisins er átt við þau áhrif sem Aflamark Byggðastofnunar nái umfram önnur opinber verkefni sem standa til boða. Nánar tiltekið: Hver eru vænt viðbótaráhrif verkefnisins þegar horft er til þess næstbesta sem byggðarlögum stendur til boða.

Telja má fyrirfram að verkefni eins og AB sé líklegt til að skapa byggðafestu í viðkomandi byggðarlögum eins og fjallað var um fyrr í skýrslunni. Tvær ástæður eru fyrir því. Í fyrsta lagi er um sértæka aðgerð að ræða og í öðru lagi á sviði sjávarútvegs. FB er það verkefni sem kemst næst AB eins og fjallað hefur verið um.

Ekki eru neinar vísbendingar fyrir jákvæðum áhrifum FB á vöxt og viðgang atvinnulífs þeirra byggða sem verst standa og tapað hafa mestu á kvótakerfinu. Því reiknast allur væntur ábati verkefnisins sem væntur virðisauki þess.

Hann er metinn þannig að fyrst er framlag byggðastofnunar reiknað í þorskígildistonnunum. Það er **1.800 tonn**. Þá er mótframlag þátttakenda í þorskígildistonnunum talið og var það 6.582 tonn (Tafla 2).

Því næst er metið hversu mikið af aflaheimildum heimamanna hefur verið veitt af bátum heimamanna (og mismunurinn þá seldur eða leigður) til að kanna hvað AB kom í veg fyrir mikið tap veiðiheimilda af stöðunum og leggst sú tala við framlag byggðastofnunar. Aðhvarfsgreining leiddi í ljós að heilt yfir veiða útgerðir viðkomandi byggðarlaga 78% af því aflamarki sem þeir hafa (Mynd 26) og því bætast 22% af mótframlagi útgerðanna við framlag Byggðastofnunar eða **1.448 tonn**. Því má segja að AB auki veiðar heimamanna um 3.248 (1.800+1.448) tonn á ári sem allt fer til vinnslu á staðnum ef samningurinn heldur.

Næsta skref var því að kanna hversu mikið af afla heimabátanna AB kæmi í veg fyrir að yrðu unnin annarsstaðar (seld annað til vinnslu). Rannsókn á stuðlinum milli afla skipa og vinnslumagns með aðhvarfsgreiningu leiddi í ljós að hann var 0,76 (Mynd 25) þegar greiningin var gerð eingöngu fyrir byggðarlögin í markhópi Byggðastofnunar – sem þýðir að 24% af afla heimabátanna eru ekki unnin á staðnum. Ef samningurinn heldur er það því viðbótarávinningur AB af hráefni til landvinnslunnar sem hefði annars verið unnin annarsstaðar – eða $(6.582 - 1.448) \times 0,24 = 1.232$ **tonn**. Heildaráhrif AB til framleiðsluaukningar á staðnum eru því 5.928 tonn ef verkefnið heppnast fullkomlega.

Því var næsta skref að meta hvað hver 1.000 tonn af hráefni unnin í landi sköpuðu mörg störf í frumvinnslugreinum. Enn önnur aðhvarfsgreining gaf til kynna það væru 6,9 ársverk (Mynd 27).

Í veiðum og vinnslu $(5.928 \times 0,0069) = 40,9$ ársverk.

Að lokum þurfti að kanna hve mörg þjónustustörf yrðu í kringum störf í frumvinnslu, sbr. kenningar um atvinnumargfaldarann (Vífill Karlsson, 2007). Aðhvarfsgreining leiddi í ljós að atvinnumargfaldari markhópsins væri 1,39 (Mynd 29).

Afleidd störf $(40,9 \times (1,39 - 1)) = 16,0$ ársverk.

Þess vegna má vænta að árangur AB verði 14,2 ársverk þegar tekið hefur verið tillit til áhættu verkefnisins:

Samtals

$$40,9+16,0 = 56,9 \text{ ársverk}$$

Líkurnar á að verkefnið heppnist fullkomlega var 57% þegar til skemmri tíma er litið (kafli 5). Þess vegna er væntur virðisauki verkefnisins 24,4 ársverk þegar til skemmri tíma er litið.

$$56,9 * 0,57 = 24,4 \text{ ársverk}$$

Þessa tölu mætti reikna í krónum og aurum en það hefur ekki verið gert.

8 AÐFERÐIR VIÐ ÁRANGURSMAT

Árangursmat er æskilegt hverju því verkefni sem menn taka sér fyrir hendur – einkum þeim sem fjármögnuð eru af skattfé. Í þessum kafla verða dregnar fram hugmyndir um hvernig að því mætti standa í verkefni því sem hér er fjallað um. Þarna er nokkur munur á hvort verkefnið er komið skammt eða langt á veg.

8.1 VERKEFNI KOMIÐ SKAMMT Á VEG

Hægt er að fara bæði einfaldar leiðir og flóknar. Af einfaldari leiðum ber helst að nefna lýsandi greiningu á staðtölum, kennitölum og hagvísum. Þeim er hægt að beita þegar verkefnið er komið skammt á veg.

Skoðanakönnunum, rýnihópum og viðtölum er einnig hægt að beita. Þessar aðferðir eru kostnaðarsamar og ekki gallalausar fremur en aðrar.

8.2 VERKEFNI KOMIÐ LANGT Á VEG

Flóknari tölfræðilegum aðferðum er hægt að beita eftir því sem líður á verkefnið. Aðhvarfsgreining lík þeirri sem notuð var til að meta árangur FB yrði fyrir valinu ef nota ætti eina aðferð. Heppilegast er að beita ólíkum aðferðum í bland og væri skoðanakönnun og aðhvarfsgreining fyrsti valkostur ef binda ætti sig við tvær aðferðir eingöngu.

Í næsta kafla verður gert fyrsta mat á árangri verkefnisins og verður eingöngu um greiningu kennitalna og staðtalna að ræða, úrvinnsla úr upplýsingum frá þátttakendum og skoðanakönnun meðal íbúa viðkomandi samfélaga ásamt viðtölum við bæjarstjóra viðkomandi byggðarlaga.

8.3 LÝSANDI GREINING

Lýsandi greining er einföld aflestrar og í túlkun. Þar er samanburður á tilteknum staðtölum/hagvísum gerður í tíma og rúmi. Þá er viðfanginu (byggðarlaginu) valið viðmið (eitt eða fleiri sambærileg byggðarlög) og síðan er þróun til einhvers tíma (eins eða fleiri ára) skoðuð hjá viðfangi og viðmiði og dregin ályktun á grundvelli þess.

Þær staðtölur sem henta vel til skoðunar í AB eru:

- **Útsvar:** Útsvar speglar mjög vel afkomumöguleika sveitarfélagsins og ekki síður heimilanna þar sem útsvarið er fast hlutfall vergra launatekna skráðra íbúa. Hafi verkefnið skilað sér í aukinni atvinnu aðildarfyrirtækjanna og afleiddrar starfsemi ætti það að skila sér í herra útsvari að því gefnu að önnur atvinnustarfsemi taki ekki breytingum. Samanburðurinn við viðmiðunarsveitarfélagið gæti dregið úr mögulegri truflun af þróun annarrar atvinnustarfsemi og skekkju þess vegna. Kosturinn við útsvar er að bráðabirgðatölur birtast mánaðargamlar fyrir hvert sveitarfélag á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Gallinn er hins vegar sá að slíkar tölur fást ekki fyrir hvert byggðarlag.

- **Aflatölur:** Tölur yfir landaðan afla gætu gefið vísbendingar fyrir því hvort byggðakvótinn hefur skilað fleiri tonnum á land í hverju byggðarlagi. Þarna er mikilvægt að greina á milli landaðs afla og afla þeirra skipa sem eru í eigu heimamanna – þ.e. allur afli sem kemur á höfn viðkomandi byggðarlags og allur afli þeirra skipa sem skráð eru á viðkomandi stað/höfn. Aukinn byggðakvóti gæti hafa misst byggðafestuáhrif sín ef útgerðin velur að landa afla sínum í öðrum byggðalögum. Hins vegar getur aflann verið landað á öðrum stöðum en ekið til vinnslu í byggðarlaginu. Þess vegna er mikilvægast að skoða vinnslutölur viðkomandi byggðarlags því út á það gengur samningurinn við Byggðastofnun og þar koma margeldisáhrifin fram.
- **Vinnslutölur:** Ef verkefnið hefur tilætluð áhrif ætti byggðakvótinn að verða til þess að vinnslumagnið aukist í byggðarlaginu. Þá ætti það að leiða til þess að verið sé að vinna meira en sem nemur byggðakvótanum. Horfa þarf sérstaklega til þess hvort að um raunverulega vinnslu sé að ræða – þ.e. tryggja það að vinnslan sé ekki að selja aflann aftur frá sér óunninn. Þessar tölur er auðvelt að fá eftir hverju byggðarlagi en dráttur getur verið á þeim hjá Hagstofunni og því gæti þurft að leita beint til Fiskistofu.
- **Atvinnuleysistöður og fjöldi starfandi** geta verið óheppilegar sem kennitölur til vöktunar í þessu verkefni. Ekki er hægt að fá fjölda starfandi eftir byggðarlögum hjá Hagstofunni nema hugsanlega með einhverri sérvinnslu. Atvinnuleysistöður er mögulega hægt að fá eftir byggðarlögum en vandamál þeirra talna er að atvinnuleysi utan höfuðborgarsvæðisins mælist oft ekki jafnvel þó vinnu vanti því fólk flytur frekar af stöðum eins og þeim sem falla undir markhóp AB en að vera þar atvinnulaust. Þess vegna eru þessar kennitölur ekki eins heppilegar og vinnslu- og aflatölur þó að fræðilega ættu þær að vera það. Tölur yfir **atvinnuleysisbætur** í krónum talið (bæði ríki og sveitarfélög) búa við sömu annmarka og tölur yfir atvinnulausa. Þær eru hins vegar innihaldsríkari en byggja á sömu veikleikum og tölur yfir fjölda atvinnulausra.
- **Íbúafjöldatölur** eru til yfir byggðakjarna hjá Hagstofunni og birtast reglulega. Áhrif ytri og innri aðstæðna á íbúafjölda ættu hins vegar að geta tekið tíma að koma fram. Þó eru sumir hópar kvikari en aðrir og því æskilegt að fylgjast með þeim. Sýnt hefur verið fram á að best sé að fylgjast með konum á vinnumarkaðsaldri og börnum (0-16 eða 18 ára).
- **Nýbyggingar** eru vísbendingar fyrir jákvæðar væntingar. Sá sem byggir eða lagfærir fasteignir er bjartsýnn á framtíð staðarins. Byggðarlag fer ekki úr vörn í sókn nema að fólk trúi því að það sé bjart framundan. Það hefst á hugarfarsbreytingu og framkvæmdir við fasteignir í stóru sem smáu gefa slíkt til kynna. Þess vegna eru umsóknir um **byggingarleyfi** og sala á **byggingarlóðum** góðar kennitölur.
- Ef AB hefur mjög góð áhrif, þannig að rekstraraðilar verða færir um að kaupa sér veiðiheimildir í almenna kerfinu, er heppilegt að fylgjast með hvaðan þær koma. Líklegt væri að þær kæmu frá öðrum illa settum útgerðum sem gætu verið í öðrum brothættum byggðum og því sennilega hluti af markhópi AB. Þess vegna er ákjósanlegt að fylgjast með **uppdráttarsvæði AB** þannig að teknað væru saman tölur yfir byggðir sem væru að tapa veiðiheimildum til AB-byggða og kannað hvort þær væru hluti þeirra samfélaga sem kallaðar hafa verið brothættar byggðir.

8.4 UPPLÝSINGAR FRÁ ÞÁTTTAKENDUM

Söfnun á upplýsingum beint frá þátttakendum er vissulega leið sem hægt er að beita en þó með þeim hætti að þær séu sannreyndar með einhverjum hætti. Ekki er kannski krafa um að hver einasta tala sé sannreynd en að teknar séu stikkprufur. Þær upplýsingar sem þyrftu að berast eru aðfanga- og afurðamagn, launakostnaður, viðskipti með veiðiheimildir, fjöldi vinnsludaga, afkoma (hagnað/tap) og ársverk ef kostur er. Til viðmiðunar væri gott að fá samanburðartölur eitt ár aftur í tímann en æskilegast að þau séu nokkur (5 ár). Aðfangamagn mætti brjóta upp eftir aðilum sem að samningnum koma og restina í annað en afurðamagn eftir verkunaraðferð og kaupendum. Viðskipti með veiðiheimildir þyrfti að brjóta upp eftir eigna- og leigusamningum auk þess sem gera þyrfti grein fyrir vistunarsamningum og hversu mikið aflamark er flutt yfir á næsta fiskveiðiár. Eitthvað af þessum upplýsingum er hægt að fá í ársreikningum en annað mætti nálgast í gegnum skilagreinar virðisaukaskatts og afurðakaupenda. Hið síðarnefnda mætti jafnvel fá sent um leið og það berst þátttakendum AB til að tölurnar skili sér sem fyrst.

8.5 AÐHVARFSGREINING

Aðhvarfsgreining er öflugt greiningartæki en vandi aðferðarinnar er sá að það þurfa helst að liggja fyrir gögn a.m.k. 30 athugana. Reynsla af fyrirkomulaginu í a.m.k. 3 ár í 10 byggðarlögum eða einhver önnur samsetning sem gæfi 30 athuganir væri nægjanleg. Þetta þarf nú samt að meta hverju sinni út frá gagnasafninu. Á þessari stundu er því engin forsenda fyrir því að beita þessari aðferð á AB.

Þegar þessi aðferð verður nothæf væri hægt að gera ýmsar áhugaverðar greiningar en sú sem verður að teljast heppilegust er hvort AB hefur haft áhrif á búferlaflutninga til og frá byggðarlaginu eða íbúabróun. Það er gert með því að stilla upp viðurkenndu búferlaflutningalíkani og bæta tölum yfir AB inn í það.

8.6 SKOÐANAKÖNNUN

Skoðanakannanir geta nýst til að meta áhrif verkefnis eins og AB. Þá er best að beita þeim til að spegla upplýsingar sem fást frá þátttakendum eða úr kennitölunum. Það er t.d. hægt að gera með því að spyrja starfsmenn fyrirtækjanna og aðra íbúa hvort þeir viti af þessum verkefnum og hvort það hafi haft áhrif á væntingar þeirra um framtíð byggðarlagsins. Fyrst er best að spyrja óbeint út í væntingar og síðan beint í lok könnunarinnar. Spyrja má óbeint með því t.d. að spyrja hvort þeir hafi farið í viðhald á fasteign sinni eftir að AB fór í gang og hvenær þeir gerðu það síðast til að meta hvort um nýbreytni sé að ræða eða ekki.

Skoðanakannanir eru líka heppilegar til að dýpka skilning á niðurstöðum lýsandi greininga eða aðhvarfsgreininga. Í því tilviki stjórnast hönnun spurninga af vafaatriðum og áhugaverðum spurningum sem vakna í kjölfar þeirra greininga.

8.7 RÝNIHÓPAR

Rýnihópar koma einnig til greina við mat á verkefni sem þessu. Þeir nýtast bæði sem sjálfstætt greiningartæki og til að kafa ofan í óvissuþætti sem kæmu fram við lestur og túlkun kennitalna, aðhvarfsgreininga og skoðanakannana eða áhugaverðum spurningum sem vakna í kjölfar þeirra.

8.8 VIÐTÖL

Viðtöl hafa sömu eiginleika og rýnihópar þegar horft er til hvernig hægt er að beita þeim sem sjálfstæðri aðferð eða til að vinna með öðrum aðferðum.

9 ÁRANGURSMAT EFTIR FYRSTA ÁR VERKEFNISINS

Árangursmat að þessu sinni byggir á einfaldri lýsandi greiningu, skoðanakönnun, viðtali og gögnum frá aðildarfyrirtækjum AB. Tekið var viðtal við sveitarstjóra þeirra byggðarlaga sem höfðu lengsta reynslu af AB. Þess vegna var sveitarstjóra Bakkafjarðar sleppt þar sem aðeins var liðið tæpt hálf ári frá undirritun samnings. Þá voru íbúar Bakkafjarðar ekki með í skoðanakönnuninni heldur.

9.1 LÝSANDI GREINING


Nú er tæpt ári síðan AB var hleypt af stokkunum og því ekki mikið til af gögnum til lýsandi greiningar. Þó má finna tölur yfir mannfjöldapróun, atvinnuleysi, landaðan afla og greidda staðgreiðslu en greidd staðgreiðsla er vísbending fyrir þróun launa. Þar sem þessar tölur eru bara til fyrir sveitarfélög og íbúar allra byggðarlaganna eru sáralítill hluti viðkomandi sveitarfélaga var erfitt að finna hentug sveitarfélög til samanburðar. Af fimm byggðarlögum töldu þrjú þeirra, Raufarhöfn, Flateyri og Suðureyri, innan við 15% af íbúum sinna sveitarfélaga (Tafla 4) og því hætta á að breytingar þar kæmu illa fram í samandregnum tölum fyrir sveitarfélög og því óhentugt til samanburðar. Þá voru eingöngu Tálknafjörður og Drangsnæs eftir. Þar sem miklar framkvæmdir eru í tengslum við fiskeldi á Tálknafirði var ekki heppilegt að nota gögn þaðan því erfitt er að fullyrða hvaðan rekja mætti breytingarnar. Þess vegna var ákveðið að nota bara tölur fyrir Drangsnæs og bera þær saman við svipuð sveitarfélög.

Við val á viðmiðunarsveitarfélögum var horft til þess að þau væru álíka fjölmenn, hlutfall íbúa í þéttbýli væri áþekkt, þéttbýlin byggðu á nýtingu sjávarfangs og þau væru ekki í nágrenni sterks þjónustukjarna.

Sveitarfélög	Byggðarlög	Íbúafjöldi sveitarfélags janúar 2014	Íbúafjöldi byggðarlags janúar 2014	Hlutfall byggðarlags í sveitarfélagi
Borgarfjarðarhreppur	Borgarfjörður eystri	134	89	66%
Breiðdalshreppur	Breiðdalsvík	187	134	72%
Kaldrananeshreppur	Drangsnæs	105	71	68%
Reykhólahreppur	Reykhólar	271	129	48%
Súðavíkurhreppur	Súðavík	202	171	85%

Með þetta í huga urðu Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Reykhólahreppur og Súðavíkurhreppur fyrir valinu. Súðavíkurhreppur er sennilega óheppilegasta sveitarfélagið í samanburðarhópnum þar sem stutt er til Ísafjarðar og 85% íbúanna búa í þéttbýli. Þá er Reykhólahreppur einnig óheppilegur þar sem eingöngu 48% íbúanna búa í þéttbýli en hins vegar betra að langt er í næsta sterka þjónustukjarna. Þá er þörungavinnsla aðalfrumvinnslugrein Reykhólahrepps í stað hefðbundins sjávarútvegs.

9.1.1 MANNFJÖLDI




Mynd 6: Breyting á mannfjölda milli ára 2013 og 2014.

Samanburðurinn er á þriðju ársfjórðungum ára. Tölur Hagstofu Íslands.

Þegar þróun mannfjölda undangengins árs var reiknuð fyrir Kaldrananeshrepp og borin saman við sambærileg sveitarfélög kom í ljós að hún var hvergi hagstæðari en í Kaldrananeshreppi. Þar hafði íbúum fjölgað um 10% á meðan íbúum hafði fjölgað um 7,7% í Borgarfjarðarhreppi, fækkað um 3,6 í Reykhólahreppi en ekki breyst annars staðar. Við nánari rýni kom í ljós að fjölgunin í Kaldrananeshreppi er eingöngu meðal íslenskra karla.

9.1.2 ATVINNULEYSI




Mynd 7: Breyting á Atvinnuleysi á milli ára 2013 og 2014.

Samanburðurinn er frá því 1. október 2012 til 1. október 2014. Tölur Vinnuálastofnunar.

Þrír voru atvinnulausir í Kaldrananeshreppi að jafnaði árið 2013 en atvinnuleysi er alljafnan lítið víða úti á landi þar sem fólk flytur frekar en að búa við það í lengri tíma. Hlutfallslega dróst atvinnuleysi mest saman í Kaldrananeshreppi meðal þeirra sveitarfélaga sem horft var til.

Atvinnuleysi hefur verið meira meðal kvenna en karla í Kaldrananeshreppi og dró meira úr atvinnuleysi kvenna á árinu en hlutfallslega var breytingin áþekk meðal kvenna og karla.

9.1.3 ÚTSVAR




Mynd 8: Breyting á greiddri staðgreiðslu milli áráanna 2013 og 2014.

Samanburðurinn er frá því 1. nóvember 2012 til 1. nóvember 2014. Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Greidd staðgreiðsla í tilteknu sveitarfélagi gefur vísbendingu um hver heildarlaun þar eru mikil. Breytingin á greiddri staðgreiðslu síðustu tólf mánuði í samanburði við tólf mánuði þar á undan leiddi í ljós að hún hefur hækkað næstmest í Kaldrananeshreppi eða um 12,6%. Hækkunin var mest 13,4% í Súðavík en hafa verður í huga að stutt er á milli Ísafjarðar og Súðavíkur.

9.1.4 AFLI EFTIR LÖNDUNARHÖFNUM

Nýleg gögn lágu fyrir yfir aflu eftir löndunarhöfnum hjá Hagstofu Íslands þannig að bera mátti breytingar saman á milli áráanna 2013 og 2014.



Mynd 9: Hlutfallsleg breyting aflu eftir löndunarhöfnum milli áráanna 2013 og 2014.

Samanburðurinn er fyrstu 10 mánuði áráanna 2014 og 2013. Tölur Hagstofu Íslands.

Samandregnar tölur yfir fjögur AB-samninga byggðarlög (Drangsnæs, Suðureyri, Raufarhöfn og Tálknafjörður) við önnur sambærileg byggðarlög sem ekki gerðu slíka samninga (Árskógsströnd, Borgarfjörður eystri, Breiðdalsvík og Súðavík) leiddi í ljós að aflinn jókst meira hjá hinum síðarnefndu eða 13% í stað 4%. Nánari eftirgrennslan leiddi í ljós að sveiflur í afla á milli ára gat hlaupið á tugum prósentu svo erfitt er að skoða þessa kennitölu með þessum hætti sem hér er gert.

9.1.5 NIÐURSTAÐA

Þessi mjög svo takmarkaða lýsandi greining gefur til kynna að Kaldrananeshreppur styrkist á því ári sem liðið er af AB þar sem hann kemur best út úr tveimur af þremur atriðum (þróun mannfjölda og atvinnuleysis) sem hægt var að bera saman við fjögur önnur sambærileg sveitarfélög. Þess utan kemur Kaldrananeshreppur næstbest út þegar horft var til greiddrar staðgreiðslu. Þegar tölur yfir afla eftir löndunarhöfnum var skoðaður fyrir fjögur AB-sveitarfélög komu þau hins vegar ver út en fjögur önnur sveitarfélög sem valin voru til samanburðar. Heilt yfir gefur þessi greining því sæmilegan vitnisburð um árangur AB það sem af er.

9.2 SKOÐANAKÖNNUN


Skoðanakönnun var framkvæmd í þeim fimm byggðarlögum sem höfðu tekið þátt í AB meira en 10 mánuði: Drangsnæs, Flateyri, Raufarhöfn, Suðureyri og Tálknafirði. Þetta var gert dagana 19. nóvember til 8. desember 2014. Svarhlutfallið var lágt og endurspeglar svörin alls ekki þýðið. Samt var svörun í kringum 25% af eðlilegu úrtaki þýðisins – sem reiknast um helmingur af þýðinu í svona fámennum samfélögum. Ef tekið er tillit til þess hversu fáir gáfu kost á sér í svona kannanir og aðrir féllu út vegna tungumálaerfiðleika var þátttakan ekki slæm. Þess vegna verður greint frá niðurstöðunum þar sem þær geta gefið vísbendingar, einkum ef borið er saman við viðtöl og aðrar upplýsingar sem fengust, sem og til að sýna hvernig svona könnun gæti litið út verði matið endurtekið seinna.

	A Íbúar 18-67 ára (Þýði könnunar- innar)	B Konur sem hlutfall af fjölda karla	C Útlending- ar sem hlutfall af íbúafjölda (18-67 ára)	D Fjöldi þátttak- enda	E Svar- hlutfall af heildar þýði	F Á Nafnalista CreditInfo	G Þar af Íslending- ar
Byggðarlög							
Drangsnæs	50	8%	17%	12	24%	10	9
Flateyri	145	-12%	49%	23	16%	45	35
Raufarhöfn	110	-20%	28%	12	11%	22	19
Suðureyri	190	-4%	55%	15	8%	27	17
Tálknafjörður	169	-1%	39%	20	12%	27	25
Óuppgafið				7			
Samtals/meðaltal	664	-7%	43%	89	13%	131	105
Dálkar A og B byggja á gögnum Hagstofu Íslands Dálkar C, F og G byggja á lista frá Creditinfo. Dálkur D eru gögn skoðunarkönnunar og dálkur E byggir á dálkum A og D.							

Könnunin var framkvæmd þannig að Creditinfo útvegaði lista yfir alla íbúa á aldrinum 18-67 ára. Þessi aldurshópur var valinn vegna þess að mesti áhuginn var á afstöðu þeirra sem eru á vinnumarkaði eða vinnumarkaðsaldri. Þá var listinn afhentur rannsóknarstofnun Háskólans á Bifröst og þeir hringdu út og buðu fólki þátttöku og fengu netfang hjá þeim sem þáðu boðið.


Ein aðalástæðan fyrir lágu svarhlutfalli var að af 664 íbúum á aldrinum 18-67 ára fékkst eingöngu listi yfir 131 sem gaf upp símanúmer og merktur var viljugur til að taka þátt í könnun sem þessari (ekki rauður kross í símaskrá). Það kann að markast af því að óvenjuhátt hlutfall útlendinga á þessum aldri – eða rúmlega 40% - er í þessum byggðarlögum. Þegar útlendingar höfðu verið taldir frá þessum úrtakslista voru aðeins 105 eftir. Af þessum 105 svöruðu 89. Að vísu var sent opið bréf inn á öll heimili allra byggðarlaganna nema Flateyri og íbúar hvattir til þátttöku. Flateyri var sleppt þar sem þátttaka þaðan var orðin mjög mikil af heildinni og samningur AB hafði runnið út í sandinn eftir að könnunin fór út. Þetta sendibréf skilaði 12 af 89 þátttakendum.

Þrír útlendingar svöruðu könnuninni og er það aðeins 3,3% þátttakenda. Útlendingar eru hins vegar um 43% af íbúum svæðisins (á bilinu 17-55% eftir byggðarlögum). Konur voru 40% þátttakenda – eða 33% færri en karlar. Hins vegar eru konur á vinnumarkaðsaldri aðeins 7% færri á þessum svæðum þannig að skekkja er líka að þessu leyti í könnuninni.




Mynd 10: Áttu fasteign þar sem þú býrð?
Svör 87.

Fyrstu spurningarnar lutu að fasteignamarkaði þessara staða en fasteignakaup og viðhald þeirra eru taldar vísbendingar um að íbúarnir líti björtum augum á framtíð byggðar sinnar. Fyrst var spurt hvort þátttakendur ættu fasteign í byggðarlaginu. Í ljós kom að 68% þátttakenda voru í þeirri stöðu.




Mynd 11: Málaðir þú húsið að utan í sumar eða fórst í viðhald eða viðbætur á því að öðru leyti?
Svör 60.

Þegar þeir voru spurðir hvort þeir hefðu farið í viðhald á liðnu sumri svaraði tæpur helmingur, eða 26, því til að þeir hefðu gert það. Sé það borið saman við sumarið á undan sinntu eingöngu átta viðhaldi húsa sinna þá. Það var mesti fjöldi þeirra sem sagðist hafa farið í viðhald á undangengnum árum. Það er því augljóst að viðhaldsverkefnum fjölgar allnokkuð á milli 2014 og undangenginna ára.



Mynd 12: Málaðir þú húsið að utan í sumar eða fórst í viðhald eða viðbætur á því að öðru leyti brotið upp eftir byggðarlögum?
Svör 58.


Þá var gerð tilraun til að brjóta svarið upp eftir byggðarlögum og í ljós kom að hlutfallslega flestir gerðu það á Raufarhöfn, þá Suðureyri, Flateyri, Tálknafirði og síst á Drangnesi. Í framhaldi af þessu var spurt hvort þátttakendur hefðu áður farið í viðhald á húsum sínum og svöruðu 80% því játandi.



Mynd 13: Langar þig að kaupa þér fasteign eða byggja nýja þar sem þú býrð?
Svör 28.

Húsnæðismarkaðurinn er líka áhugaverður fyrir verkefni eins og AB því lítið er um verkefnaust fólk á svona stöðum eins og þeim sem teljast til markhóps verkefnisins og því nauðsynlegt að hafa húsnæði fyrir þá sem gætu haft áhuga á að setjast að og fá sér vinnu. Freistandi var því að fá afstöðu þeirra sem ekki áttu fasteign um hvort þeir hefðu áhuga á að eignast íbúð þar sem þeir búa. Meirihluti þeirra (61%) hafði áhuga á því og vottar því fyrir áhuga á fasteignakaupum þar. Hafa verður hugfast að eingöngu 28 svöruðu spurningunni. Þá var reynt (í lokaðri spurningu) að draga fram ástæður fyrir því hvað kæmi í veg fyrir að þeir eignuðust íbúð á staðnum og virtist fjárhagstaða viðmælenda vera helsta hindrunin, ekkert hentugt húsnæði önnur algengasta ástæðan og synjun greiðslumats þriðja ástæðan í röðinni. Aðrar ástæður voru engin hentug byggingarlóð, of dýrt húsnæði, ekki nógu hátt lán í boði hjá bankastofnunum og dýrar byggingalóðir.

Þeir sem vildu ekki kaupa húsnæði var boðið að gefa upp ástæðu í opinni spurningu og svöruðu sjö af níu því til að engin framtíð væri í byggðarlaginu en hinir sögðust eiga íbúð annars staðar.




Mynd 14: Afstaða gagnvart ýmsum þáttum í byggðarlaginu í skoðanakönnun.
Svör á bilinu 79-82.

Þá var spurt almennt út í hluti sem gáfu til kynna hvort þátttakendur væru jákvæðir í garð byggðarlags þeirra eða ekki auk þess sem reynt var að draga fram þekkingu þeirra og afstöðu gagnvart AB-verkefninu.


Almennt má segja að svartsýni sé ekkert mikil í þessum byggðarlögum þrátt fyrir þann óstöðugleika sem ríkt hefur um langt árabil. Það sést m.a. á því að eingöngu um 25% eru algjörlega eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að það sé mjög líklegt að þeir flytji brott á næstu tveimur árum (Mynd 14). Það er sama hlutfall og svaraði þessu til í Dölunum í íbúakönnun haustið 2013 og um 20% svaraði því á Snæfellsnesi. Þá voru nokkru fleiri sammála þeirri fullyrðingu en ósammála að bjartsýni á framtíð byggðarlagsins hefði aukist á þessu ári. Reyndar virtust þátttakendur ekki vera jafn bjartsýnir fyrir hönd annarra íbúa.

Um 70% þátttakenda töldu sig þekkja muninn á AB og FB og færri voru á því að FB væri betri leið fyrir byggðarlag þeirra en AB.



Mynd 15: Afstaða gagnvart ýmsum þáttum í byggðarlaginu í skoðanakönnun – án Tálknafjarðar og Flateyrar.
Svör á bilinu 39-41.


Þar sem AB-samningurinn á Flateyri leystist upp áður en skoðanakönnunin var send út og sérstaða Tálknafjarðar er mikil vegna mikillar uppbyggingar fiskeldis á staðnum var ákveðið að birta samandregnar niðurstöður án svara þaðan (Mynd 15) þó svo þátttakendur væru mun færri og skoða muninn. Munurinn lá helst í bjartsýninni sem var heldur minni og 30% virtust vera á þeim buxunum að flytja brott á næstu tveimur árum. Þá hafði þessi hópur meiri trú á AB en FB.



Mynd 16: Vissir þú að aðilar í byggðarlagi þínu fengu byggðakvóta hjá Byggðastofnun fyrir tæpu ári síðan?
Svör 83.

Tiltrú íbúanna á framtíð byggðarlagsins skiptir miklu máli um allt sem þeir taka sér fyrir hendur og hvernig þeim líður og þeir tala um sitt samfélag. Umtal smitar síðan yfir á aðra hvort sem þeir

búa á staðnum eða gætu hugsað sér að búa í slíku samfélagi. Þess vegna er mikilvægt að upplýsingar um verkefni eins og AB berist sem flestum svo öll möguleg jákvæð áhrif hrífi sem fyrst. Skoðanakönnunin leiddi í ljós að 90% þátttakenda vissu af því að AB-samningur hafði verið gerður við lögaðila á staðnum.




Mynd 17: Afstaða gagnvart AB í skoðanakönnun.

Svör á bilinu 75-77.

Í kjölfarið var spurt beint út í möguleg áhrif AB á ýmsa þætti. Í ljós kom að af þeim spurningum, þar sem spurt var um ágæti AB, voru flestir sammála því að verkefnið hefði bætt lífsskilyrði byggðarlaganna. Síðan voru þátttakendur helst sammála því að verkefnið hefði fjölgað störfum í byggðarlaginu.

Athygli vekur að fleiri eru sammála því en ósammála að AB hafi kynt undir óánægju í byggðarlögum og rennt stoðum undir misskiptingu þar.



Mynd 18: Afstaða gagnvart AB í skoðanakönnun – án Flateyrar.
Svör á bilinu 55-56.

Af fyrrgreindum ástæðum var ákveðið að fella út þátttakendur frá Flateyri en ekki Tálknafirði að þessu sinni þar sem spurt var beint út í áhrif AB-verkefnisins. Við það varð helst breyting á áhrifum AB á lífsskilyrði og fjölgun starfa þar sem hlutfallslega ennþá fleiri töldu AB hafa bætt lífsskilyrðin og fjölgað störfum.

9.3 VIÐTÖL VIÐ BÆJARSTJÓRA

Viðtöl voru tekin við bærarstjóra þeirra sjávarbyggða sem höfðu verið a.m.k. 9 mánuði í AB og voru þeir spurðir út í sjö fyrirfram gefnar spurningar og verður fjallað um þær hér á eftir. Að auki varð opin umræða um ýmsa tengda þætti. Viðtölin voru tekin á tíu daga tímabili í kringum mánaðarmótin október/nóvember. Þá voru liðnir 9-10 mánuðir af þeim samningum sem gerðir voru vegna AB.

9.3.1 ATVINNUSTIG

Fyrst voru viðmælendur spurðir út í hvort þeir teldu atvinnustig hafa breyst í byggðarlaginu í kjölfar AB-samninga.

- Eru merki um að atvinnustig hafi breyst í viðkomandi byggðarlagi eftir AB?

Bærarstjórinn á Tálknafirði gat alveg tekið undir það en þar blandast inn í mikil uppbygging í fiskeldi þar og því erfitt að fullyrða um áhrif AB. Hann taldi þó að minna væri um „dauða tímunn“ hjá fiskvinnslu staðarins en áður hefði verið.

Bærarstjórinn í Ísafjarðarbæ taldi atvinnustigið ekki hafa breyst í kjölfar AB en var viss um að það hefði dregist saman ef samningurinn hefði ekki komið til.

Á Drangnesi hafði oddvitinn ekki tekið eftir neinum breytingum en þó komu fram vísbendingar um betra atvinnuástand þar sem eitt dæmi er um að fjölskylda hafi flutt til staðarins og aðrir að hugleiða það. Þröng staða á húsnaðismarkaði er hamlandi. Alltof margar íbúðir eru í eigu

utanbæjarmanna (c.a. 30%) og þeim á eftir að fjölga eftir því sem núverandi íbúar fara á eftirlaun því afkomendur þeirra munu í einhverjum tilvikum halda íbúð foreldra sinna sem sumarhúsi í stað þess að flytja í það eða selja á almennum markaði. Þá lánar Íbúðalánasjóður 80% af markaðsvirði íbúða og í tilfelli nýrra húsa nemur það á bilinu 30-40% af byggingarkostnaði ef marka má nýleg dæmi í nágrenni byggðarlagsins.

Bæjarstjórinn í Norðurþingi taldi atvinnuástandið á Raufarhöfn hafa lagast í kjölfar AB og taldi verkefnið skipta mjög miklu máli. Áður fyrr var fjöldi starfandi á bilinu 5-30 manns allt eftir verkefnastöðu en núna eru 30 manns starfandi allt árið. Í fyrsta skipti réðst fiskvinnslan í kaup á frosnum fiski frá Noregi til vinnslu og var það gert í einn og hálfan mánuð þegar lítið var um að vera. Þá helst vinnslunni mun betur á þeim bátum sem eru í beinum viðskiptum með hráefni.

Viðtölin gefa því til kynna að AB hafi haft jákvæð áhrif á atvinnustig viðkomandi byggðarlaga.

9.3.2 BYGGINGARLÓÐIR

Þá var spurt um hvort leitað hefði verið eftir byggingalóðum á liðnu ári en byggðarlög sem aðild áttu að AB eiga það sammerkt að árum saman hafa nýjar íbúðir ekki verið byggðar þar.

- Hefur verið spurt um byggingalóðir á síðasta ári?

Bæjarstjórinn í Norðurþingi sagði svo ekki vera og benti á þá staðreynd að nóg væri af lausum íbúðum á Raufarhöfn og því engin ástæða til að búast við breytingum af slíku tagi. Á Tálknafirði hefur verið spurt um byggingalóðir, bæði af einstaklingum og byggingarfélagi sem bærinn á reyndar aðild að. Engar slíkar fyrirspurnir hafa borist vegna Flateyrar og/eða Suðureyrar eða Drangnesi þrátt fyrir viðvarandi húsnæðisskort. Á Drangnesi hefur sveitarfélagið ráðist í byggingu parhúss til sölu eða leigu og hafa utanaðkomandi aðilar þegar sýnt því áhuga.

Af þessu má ráða að fasteignamarkaðurinn hafi tekið hverfandi litlum breytingum á liðnu ári.

9.3.3 FJÁRFESTINGAR Í BYGGÐARLAGINU

Viðmælendur voru næst spurðir um hvort fyrirtæki á staðnum væru með fjárfestingar í tækjum eða húsnæði í huga. Orðrétt var hún á þessa leið:

- Veistu til þess að fyrirtæki í viðkomandi byggðarlagi horfi til fjárfestinga atvinnutækjum eða húsnæði?

Á Drangnesi eru vissulega merki um þetta að sögn viðmælanda. Farið var í fjárfestingar sem juku möguleika vinnslunnar í frystingu. Keyptur hefur verið nýr frystigámur og vangaveltur eru uppi um kaup á öðrum tækjum. Á Flateyri og Suðureyri eru engar vísbendingar um fjárfestingar fyrirtækja. Á Tálknafirði eru miklar fjárfestingar. Þar má nefna tvö 700 m² hús fyrirtækja í viðgerðarþjónustu. Þá hefur Þórsberg, sem er blandað útgerðarfyrirtæki, fjárfest en það á beina aðild að AB. Vissulega útskýra önnur umsvif á Tálknafirði þessar breytingar – a.m.k. viðgerðarþjónustufyrirtækisins. Á Raufarhöfn var ráðist í töluverðar endurbætur á vinnsluhúsinu, m.a. utanhúsklæðningu þess.

Það er því óhætt að draga þá ályktun að AB hafi leitt til einhverra beinna fjárfestinga í atvinnulífi á viðkomandi stöðum.

9.3.4 REKSTUR SVEITARFÉLAGSINS

Rekstur sveitarfélagsins speglar ágætlega afkomu fyrirtækja og heimila í viðkomandi sveitarfélögum þar sem tekjur þess eru ákaflega háðar tekjum heimilanna og fjárfestinga í húsnæði. Þá getur dregið úr fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins ef það dregur úr atvinnuleysi. Þess vegna voru viðmælendur spurðir næst hvort breytinga gætti í rekstri sveitarfélagsins í kjölfar AB og spurt var með eftirfarandi hætti:

- Hafið þið séð einhverjar breytingar í rekstri sveitarfélagsins eftir AB? (hærra útsvar, fasteignaskattar eða lægri kostnaður vegna félagsmála)

Breytinga gætti eingöngu í Tálknafjarðar- og Kaldrananeshreppi – mikið í Tálknafirði sem verður varla rakið til AB. Hins vegar er vitað að einhverjir hættu við að flytja á brott frá Raufarhöfn vegna verkefnisins og kemur það í veg fyrir að tekjur bæjarins dragist saman. Áhrif AB á rekstur sveitarfélaganna eru því í besta falli lítil á þessum tímapunkti.

9.3.5 KYNNING Á AFLAMARKI BYGGÐASTOFNUNAR

Bæði búferlaflutningar og fjárfestingar eru drifnar af væntingum íbúanna. Ef verkefni sem AB á að hafa tilætluð áhrif þarf að kynna það öllum íbúum vegna þess að allnokkurrar hjarðhegðunar gætir þegar kemur að hvorutveggja. Þess vegna er mikilvægt að upplýsingar á forsendum búsetu berist sem fyrst til sem flestra íbúa – einkum í brothættum byggðum. Þess vegna var ákveðið að fá upplýsingar um hvort verkefnið hafi verið kynnt. Spurt var:

- Var einhver kynning á samningnum AB eða umræða í fjölmiðlum?

Af viðbrögðum viðmælenda má ráða að umfjöllunin um AB hafi verið mjög takmörkuð. Fundir voru haldnir með þátttakendum en engin kynning var gagnvart öðrum íbúum ef frá eru taldar fréttir um samninginn á Tálknafirði í BB – netmiðli og samninginn á Raufarhöfn í 640.is sem er líka netmiðill.

9.3.6 BJARTSÝNI

Af sömu ástæðum og greint var frá hér að ofan hefur aukin bjartsýni mikil áhrif á fjárfestingar og dregur úr viljanum til að flytja brott. Því var spurt:

- Sjáið þið einhver merki aukinnar bjartsýni í viðkomandi byggðarlagi eftir AB? (frankvæmdir við hús og garða eða annað)

Á öllum stöðum nema Raufarhöfn hika viðmælendur við að fullyrða að bjartsýni hafi aukist á staðnum. Á Raufarhöfn eru dæmi um að íbúar hafi hætt við að flytja eins og fyrr var getið. Á Tálknafirði var spurt á móti hvort þetta magn (sem AB færir) dugi til að halda verkuninni gangandi þegar til lengri tíma er litið þar sem aðgengi að hráefni færir mönnum mikil og vaxandi sóknarfæri í heimi þar sem markaðurinn verður stöðugt eftirspurnardrífari og fjölbreytni er krafist og sveigjanleiki þarf að vera fyrir hendi. Þó var bent á (og komið hefur fram) að fólk sé að hætta við að flytja og fjárfestingar settar í gang þannig að einhver væg merki eru um viðsnúning í afstöðu íbúanna. Það kann einnig að vera rakið til meiri öryggistilfinningar eins og kom fram í viðtali við oddvitann í Kaldrananeshreppi. Því má kannski segja að vægar vísbendingar finnst fyrir auknu atvinnuöryggi og/eða bjartsýni í kjölfar AB – einkum ef höfð eru til hliðsjónar svör við næstu spurningu.

9.3.7 AFLAMARK BYGGÐASTOFNUNAR EÐA FYRRA BYGGÐAKVÓTAKERFIÐ

Að lokum var ákveðið að fá skoðun viðmælenda á AB annars vegar og FB hins vegar. Spurt var:

- Er einhver munur að þínu mati á Aflamarki Byggðastofnunar og byggðakvóta Fiskistofu sem hefur verið í gangi síðan 2003?

Allir viðmælendur voru á þeirri skoðun að AB væri betra en byggðakvótaverkefni Fiskistofu út frá hagsmunum byggðarlaganna og að mikill munur væri á kerfunum. Dæmi um þetta er að áform eins sveitarfélagsins um að koma í veg fyrir aukna leigu veiðiheimilda aðila sem fékk byggðakvóta úr eldra kerfinu voru beinlínis hindraðar af embættismönnum að sögn eins viðmælandans og sagðar ólöglegar. Þá telja sumir virkara eftirlit og eftirfylgni vera í AB. Ummæli eins og „faglegar að hlutum staðið“, „öflugara inn grip“ og „nýtist atvinnulífinu betur“ um AB eru jákvæður vitnisburður. Þó eru sumir á því að betri leiðir væru færar í byggðaaðgerðum þessara staða – t.d. beinir fjárfstyrkir til framkvæmda og jafnvel staðarviltun sem var þá hugsuð eins og línuviltun nema með landfræðilegri tengingu.

Það er því ljóst að allir viðmælendur litu svo á að AB væri mun betra en FB.

9.4 VIÐTÖL OG GREINING SAMNINGSADILA


Byggðastofnun réðst í að safna upplýsingum um framkvæmd og árangur AB hjá þeim aðilum sem áttu beina aðild að samningunum. Í þeim tilgangi sendi Byggðastofnun fyrirspurn til þessara aðila og þeir beðnir um að gefa upp fyrirframgefnar upplýsingar (sjá kafla 3.4).

Tafla 7: Samantekt á áliti samningsaðilanna á AB.

Heimild: Minnisblað Byggðastofnunar.

Búseta samningsaðila	Almennt rekstrarumhverfi ft. v/AB	Kvóta-færslur v/AB	Vinnslu-magn	Starfsfólk: breyting á fjölda	Vinnslu-dagar	Fjárfestingar	Kynning á AB
Bakkafjörður	Styrking	Neikvæðar	Aukning		Fjölgun	Já	Starfsmenn
Drangnes	Styrking			5,8	Fjölgun	Já	Starfsmenn
Flateyri,							
Raufarhöfn	Styrking			9			Fjölmíðlar
Suðureyri	Styrking		Samdráttur	2			Starfsmenn
